



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 11. júní 2008 – 24. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**



**Oliuleit á Drekasvæðinu**  
Samkeppni eykur  
kostnaðinn



**Seðlabankar**  
Andrés Ónd og peningastefnan



**Viðskiptabækur**  
Vaxandi áhugi



**KARL WERNERSSON** Karl, sem er stjórnarformaður Milestone, og fleiri stjórnendur tengdir félaginu fóru til Svíþjóðar fyrir helgi þar sem kynnt var nýtt nafn, Moderna, á Invik, dótturfélagi Milestone.

## Fyrsta útboð haldið í haust

Fjárfestingarbankarnir Carnegie í Svíþjóð og bandaríski bankinn Lehman Brothers undirbúa endurkomu sænska fjármálaþjónustufyrirtækisins Moderna í OMX-kauphöllina í Stokkhólmi. Moderna hét fyrir miðja síðustu viku Invik og er að fullu í eigu íslenska félagsins Milestone.

Samkvæmt heimildum Markaðarins stendur jafnframt til að halda lokað hlutfjárútboð í haust og kanna með því stemninguna á markaði. Með skráningu á markað er stefnt að dreifðri eignaraðild að Moderna. Milestone gerir ráð fyrir að fara niður í um fjóru tíu prósentu eign, en fremur með aukningu á hlutfé eigin hluta.

- óká / Sjá síðu 12

**TrackWell**

Tíma- og verkskráning  
Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Mildari niðursveifla** | Hættan á mikilli niðursveiflu í Bandaríkjunum hefur minnkað töluvert á síðasta mánuði segir Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna. Þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi telur hann að stýrivaxta- og skattalækkanir hafi unnið gegn þeim erfiðleikum sem herja á landið.

**Lækkun í Asíu** | Hlutaþréf í Asíu féllu í verði í gær. Hlutaþréfavísitalan í Kína féll um 7,7 prósent í gær. Lækkunina í Kína má rekja til hertra aðgerða kínverska Seðlabankans gegn verðbólgu. Þetta er mesta lækkun í Kína á einum degi frá því í júní á síðasta ári.



**Hamborgaraæði** | Sala hjá McDonald's var yfir væntingum á fyrsta ársfjórðungi. Salan jókst um 7,7 prósent og hækkuðu hlutaþréf í félaginu um 4 prósent í kjölfarið. Greinendur telja að söluaukninguna megi rekja til niðursveiflu í Bandaríkjunum og neytendur leyti í auknum mæli að ódýrari valkostum.

**Sala á húsnæði tekur við sér** | Samningur um sölu á notuðu húsnæði fjölgaði í Bandaríkjunum um 6,3 prósent frá fyrri mánuði þvert á væntingar greinenda. Gert var ráð fyrir lækkun íbúðaverðs um 0,4 prósent og áframhaldandi lægð í sölu notaðs húsnæðis segir í Morgunkorni Glitnis.

**Olía í 250 dollara** | Rússneski olíurisinn Gazprom spáir því að olíuverð muni ná 250 dollurum á tunnu á næsta ári. Í spá Gazprom kemur fram að olíuverð þurfi að ná hæstu hæðum til að slá á óþrjúgandi eftirspurn frá Asíu.

# Leita samninga vegna skulda Nýsis

Bankarnir leita nú samninga um skuldir fasteigna- og þróunarfélagsins Nýsis, sem átt hefur í greiðsluerfiðleikum. Bjartsýni er á jákvæðar lyktir.

Björn Ingi Hrafnsson  
skrifar

Heildarskuldir fasteigna- og þróunarfélagsins Nýsis eru ekki undir fimmtíu milljörðum og þar af eru um tíu til fimmtán milljarðar án beinna veða, samkvæmt heimildum Markaðarins. Aðstæður á mörkuðum hafa reynst félaginu afar óhagstæðar og erfitt með endurfjármögnun í ríkjandi árferði. Á hinn bóginn er nefnt að í eignasafni félagsins felist enn mikil verðmæti.

Sérstök kröfunefnd fjallar nú um um eignir og skuldir Nýsis, en það hefur átt í miklum lausafjárerfiðleikum að undanförmu. Félagið fékk greiðslufrest á afborgunum í upphafi mars sl. og gerði í byrjun apríl samning við Landsbankann um aðstoð við sölu á eignum, öflun nýs hlutfjár og fjárhagslega endurskipulagningu lána til að tryggja framgang þeirra verkefna sem félagið er með í þróun, eins og sagði í tilkynningu til Kauphallarinnar.

Nýsis er eitt stærsta félag sinnar tegundar hér á landi og hefur stækkað ört á undanförmum árum, m.a. með yfirtökum og stórum samningum í Danmörku og Skotlandi. Hér á landi hefur félagið verið umsvifamikill aðili á fasteignamarkaði og á sviði einkarekstrar fyrir opinbera aðila. Nýsis á t.d. helmingshlut á móti Landsbankanum í Portus, sem reisir nú tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Reykjavíkurböfn, Egilshöll í Grafarvogi og Íðnskólann í Hafnarfirði, auk íþróttamannvirkja á borð við sundlauginu í Mosfellsbæ og húsnæði World Class í Laugum. Þá á félagið stóran hlut í einkarekinni heilsugæslu í Sala-

hverfi í Kópavogi og Menntaskólanum Hraðbraut, svo dæmi séu tekin. Nú nýlega seldi Nýsir frá sér Kaffi Konditori og hlut í útgerðarfyrirtæki í Afríku.

Landsbankinn hefur haft forystu um aðgerðir til að leysa úr þeirri stöðu sem upp er komin, enda langstærsti kröfuhafinn. Hefur bankinn víðað með óformlegum hætti hugmyndir til annarra kröfuhafa, þ.e. flestra annarra banka og fjármálastofnana í landinu, tilboð um lúknungu óveðsettra skulda með nokkrum afföllum. Enn ber nokkuð í milli, en aðilar segjast þó vongóðir um að saman muni ganga. Nokkur gangur mun hafa verið í viðræðum síðustu daga eftir að fyrstu tilboðum var alfarið hafnað. Nú er á borðinu tilboð upp á að ljúka málinu með greiðslu 40-50 prósentu krafna. Sú tala gæti þó hækkað eitthvað frekar við samningaborðið, eigi samkomulag að nást.

Viðmælendur Markaðarins telja að það sé sameiginlegt markmið alls bankakerfisins að náist saman, því Nýsir sé fjarri því eina fyrirtækið sem glími við greiðsluerfiðleika um þessar mundir. Mikilvægt sé að bregðast á ábyrgan hátt við þeirri stöðu, enda sé undirliggjandi rekstur góður og mikið í húfi.

Aðaleigendur Nýsis eru þeir Sigfús Jónsson og Stefán Þórarinnsson. Félagið tapaði 2,3 milljörðum króna árið 2007, samanborið við tap upp á 466 milljónir króna árið áður. Eiginfjárlutfallið árið 2007 var 7 prósent, en tvöfalt meira árið áður. Velta fyrirtækisins nam 9,3 milljörðum árið 2007, sem var mikil aukning frá veltu upp á 3,9 milljarða 2006. Áætlanir gerðu ráð fyrir að hún ykist enn á þessu árið og færi upp í 11-12 milljarða króna.

## Gríðarleg eftirspurn í báðar áttir

„Órói á alþjóðlegum mörkuðum hefur haft mikil áhrif á Norræna fjárfestingarbankann, bæði á lánahlíðinni og fjármögnunarhlíðinni,“ segir Johnny Ákerholm, bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans.

Ákerholm var hér á landi á

dögnum, en stjórn bankans kom saman um helgina.

Ákerholm segir að seinasta ár hafi verið metár hjá bankanum. „Veitt lán fóru upp í 2,4 milljarða evra, það mesta hingað til.“

Hann bætir því við að fjármögnunin hafi einnig gengið vel.

„Góður orðstír bankans og há lánshefiseinkunn hefur haft í för með sér að við höfum fjármagnað bankann á mjög góðum kjörum.“

Hann segir að ný lán í fyrra hafi numið 4,3 milljörðum evra sem, eins og útlánin, sé hið mesta í sögu bankans.

- ikh / Sjá síðu 6

**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	17,2%*
GBP	5,5%*
USD	2,9%*
EUR	4,7%*
CAD	3,5%*
DKK	4,2%*

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnvöxtun á ársgrundvelli (ACT/ACT) frá 2. maí - 2. júní 2008.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-2,3%	-32,1%
Bakkavör	-1,9%	-43,6%
Exista	-7,8%	-52,8%
Glitnir	-0,9%	-22,8%
Eimskipafélagið	-2,4%	-42,4%
Icelandair	-13,2%	-35,9%
Kaupþing	-1,0%	-13,6%
Landsbankinn	-2,4%	-31,8%
Marel	-4,6%	-11,3%
SPRON	-5,6%	-51,8%
Straumur	-4,5%	-30,3%
Teymi	-11,3%	-51,3%
Össur	-2,5%	-3,8%

\*Miðað við lokagengi í Kauphöll á mánudag.

## Bréf í DeCode aldrei lægri

Gengi hlutabréfa í DeCode, móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar, fór undir einn bandaríkjadal í gær og hafði aldrei verið lægra. Um miðjan dag stóð það í 96 sentum á hlut.

DeCode var skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum árið 2000. Gengi bréfanna endaði í 25,44 dölum á hlut á fyrsta degi og fór hæst í 28,75 dali 11. september sama ár. Eftir það tók það að lækka jafnt og þétt með stöku sveiflum. Miðað við gengið í gær hefur það fallið um 96 prósent frá fyrsta degi.

Fyrir skráningu bréfanna voru

dæmi um að þau gengju kaupum og sölum á gráum markaði á rúma sextíu dali á hlut. Hafi hlutafjareigandi keypt bréf í DeCode fyrir eitt hundrað þúsund krónur á þeim gráa nemur verðmæti bréfa hans í dag um 1.700 krónum. Það dugur fyrir einum bíomiða – að Regnboganum undanskildum – stórum poka af poppi og kók. Eftir standa hundrað krónur í stöðumæli. - jeb

## KÁRI STEFÁNSSON FORSTJÓRI

Sá sem keypti hlutabréf í DeCode fyrir átta árum getur selt þau og farið einu sinni í bíó fyrir andvirðið.



## Enn vaxa eignir lífeyrissjóðanna

Hrein eign lífeyrissjóðanna jókst um þrjátíu milljarða króna í apríl, að því er fram kemur í nýjum tölum frá Seðlabankanum.

Heildareignir sjóðanna námu þá 1.739 milljörðum.

Verðbréfaeign sjóðanna með föstum tekjum jókst um ríflega fjórtán milljarða króna. Verðbréfaeign með breytilegum tekjum um 22,5 milljarða.

Ætla má að iðgjöld lífeyrissjóða nemi samanlagt um tíu milljörðum króna á mánuði. Þá er ekki gert ráð fyrir séreignarsparnaði. - ikh

## Ísland lækkaði mest

„Fjármálafyrirtæki vega þungt í Úrvalsvisítölunni. Gengi þeirra hefur lækkað miklu meira en flestar aðrar greinar,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Úrvalsvisítalan lækkaði næstmest allra vísitalna í heimi á fyrstu fimm mánuðum ársins. Þetta kemur fram í sænska dagblaðinu Dagens Industri. Aðeins hlutabréfavísitalan í kauphöllinni í Víetnam lækkaði meira á sama tíma.



KAUPHÖLL ÍSLANDS Úrvalsvisítalan í Kauphöllinni lækkaði mest allra vísitalna í evrópskum kauphöllum á fyrstu fimm mánuðum ársins. MARKAÐURINN/STEFAN

Mest var hækkunin í kauphöllinni í Afríkurlöndum Gana en hlutabréfavísitalan þar stókk upp um rúm 45 prósent á fyrstu fimm mánuðum ársins. Á eftir fylgja markaðir í Mið-Austurlöndum.

Hlutabréfavísitalan í kauphöll Ho Chi Minh-borgar féll um 56,5 prósent á sama tíma og Úrvalsvisítalan seig um 37,9 prósent.

Úrvalsvisítalan lækkaði sömuleiðis mest allra vísitalna í Vestur-Evrópu á tímabilinu. Á eftir koma SOFX-vísitalan í kauphöllinni í Búlgaríu og Belex-vísitalan í kauphöllinni í Júgóslavíu. Sú síðasttalda lækkaði um 23,3 prósent. - jeb

MESTA LÆKKUN		
Vísitala	Land	Lækkun
1. Ho Chi Minh	Víetnam	- 56,6%
2. OMX-15	Ísland	-37,9%
3. ISE	Pakistan	-31,0%
4. CSI	Kína	-28,5%
5. CSE	Indland	-28,0%
6. BSE Sensex	Indland	-26,4%
7. PSE	Filippseyjar	-26,1%
8. Sofix	Búlgaríu	-25,6%
9. Belex-15	Júgóslavía	-23,3%
10. Gaborone	Botsvana	-22,8%



ÚTSKRIFT Krystian Baranowski, starfsmaður í Vörumiðstöð Samskipa, tekur við prófskriftinu úr hendi Erlu Bolladóttur hjá Alþjóðahúsi.

## Samskip útskrifa erlent starfsfólk úr íslenskunámi

Samskip útskrifaði 5. júní síðastliðinn á sjötta tug erlendra starfsmanna úr íslenskunámi. Um sjöfju starfsmenn stunduðu íslenskunám á vegum félagsins í vetur.

Markmiðið með náminu var að auka tjáskipti milli samstarfsfélaga, auka starfsánægju og auka möguleika á starfsþróun innan fyrirtækisins. Hefur félagið lagt áherslu á íslenskunám

meðal erlendra starfsmanna til að styrkja þá í starfi.

Nú voru útskrifaðir fjórir hópar, alls 53 starfsmenn. Fyrir áramót voru útskrifaðir 52 starfsmenn, sem flestir héldu áfram námi eftir áramótin, auk þess sem nokkrir bættust í hópin. Alls starfa 83 starfsmenn af erlendum uppruna, frá sextán löndum, hjá Samskipum á Íslandi.

## Nova með tíu þúsund viðskiptavinum

Viðskiptavinir farsímafyrirtækisins Nova eru nú orðnir tíu þúsund talsins. Nova kom inn á markaðinn fyrir um hálfu ári. Af þessu tilefni fékk tíuþúsundastí viðskiptavinurinn, Þorsteinn Hólm Stefánsson, sautján ára nemi við Menntaskólann Hraðbraut, Nokia N95 8G-síma að launum. Á myndinni má sjá Þorkel þar sem hann fékk far með hjólavagni Nova um leið og hann tók við gjöf í tilefni áfangans.



ÞORSTEINN HÓLM Hann var tíuþúsundastí viðskiptavinur Nova og fékk af því tilefni far með hjólavagni fyrirtækisins.

## Bankarnir búa sig undir verðlækkun

Glitnir segist lækka veðhlutfall íbúðalána vegna aðstæðna á markaði. Lækkun fasteignaverðs er fyrirsjáanleg. Dósent segir auknar líkur á að lántakendur standi ekki undir háum vöxtum.

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

„Þetta eru ákveðin viðbrögð við ástandi á markaðnum. Það er töluvert framboð á húsnæði og ákveðin metnun, auk þess sem teikn eru á lofti í efnahagsmálunum,“ segir Már Mátsson, upplýsingafultrúi Glitnis.

Fram hefur komið í Markaðnum að veðhlutfall íbúðalána hjá Glitni og Landsbankanum er komið niður í sjöttíu prósent af markaðsvirði. Landsbankinn lánar enn fremur ekki fyrir meiru en sem nemur brunabóta- og lóðamati fasteignar.

Það er af sem áður var þegar bankarnir lánuðu fyrir níutíu prósentum af markaðsvirði, í sumum tilvikum kaupverði allt.

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir að bankarnir telji vera talsverðar líkur á lækkun fasteignaverðs „og þar

með að veð rýrni“. Þá megi hafa í huga að vextir séu svo háir að það eykur líkurnar á að lántakendur geti ekki staðið undir vaxtagreiðslum. „Það, ásamt versnandi atvinnuhorfum og versnandi horfum í fyrirtækjarekstri, eykur líkurnar á því að það reyni á veð.“

Gylfi segir það einnig skipta máli að bankarnir reyni nú að halda aftur af útlánum sem mest þeir geti. „Til þess að það takmarkaða lausa fé sem þeir hafa nýttist lengur. Hvort tveggja dregur úr vilja og getu bankanna til að veita húsnæðislán.“

Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, sagði í síðasta Markaði, að lækkandi veðhlutfall kynni að vera merki um að banki sé, að minnsta kosti tímabundið, að draga sig út af húsnæðismarkaði. Már Mátsson segir svo ekki vera. „Við erum ábyrg fjármálastofnun og



ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK Svo virðist sem bankarnir búi sig undir verulega verðlækkun íbúðarhúsnæðis. Það endurspeglast meðal annars í lækkandi veðhlutfalli íbúðalána. MARKAÐURINN/STEFAN

stillum veðhlutfallið eftir aðstæðum.“ Menn hafi metið það svo að hægst muni um á fasteignamarkaði.

Þórólfur Matthíasson sagði einnig að lækkun veðhlutfalls kynni að vera til merkis um að lántakendur telji verð eigna af hátt nú og að verðið verði lægra í framtíðinni. „Lækkun veðhlutfalls væri þá varúðarráðstöfun sem ætlað væri að tryggja hagsmuni skuldareiganda kæmi til greiðslufalls í framtíðinni.“

Seðlabankinn og fjármálaráðuneyti spá töluverðri lækkun fasteignaverðs. Seðlabankinn hefur spáð þrjátíu prósentu raunlækkun og á dögnum kom fram hjá aðalhafraeðingi bankans að það kynni að vera vanmetið.

## Fjármögnun Marels á kaupum í Stork lokið

Hlutafjárútbóði Marel Food System lauk á föstudaginn var. Góð þátttaka var í útböðinu og var sjö prósentu umframefirspurn eftir hlutum í félaginu.

Stjórn félagsins ákvað að nýta ekki heimild til að auka hlutafé um allt að 30 milljónir evra umfram þær 117 milljónir sem í boði voru. Það var ekki gert og því var hlutafé félagsins aukið um 117 milljónir evra eða tæplega 14 milljarða íslenskra króna.

Ákveðið var að Landsbankinn, sem var annar stærsti hluthafinn í Marel fyrir hlutafjárútbóðið, minnkaði hlutfallslega við hlutafjareign sína í Marel. Vilji stjórnarinnar stóð til að stuðla að dreifðari hlutafjareign sem og auknu floti hluta félagsins.

Að sögn Harðar Arnarsonar, forstjóra Marel Food Systems hf., lýkur fjármögnun félagsins á kaupum Stork Food Systems með þessu hlutafjárútbóði, segir í tilkynningu. - as



HÖRÐUR ARNARSON Forstjóri Marel Food Systems.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fyrsta sæti

## Það skiptir máli að spara á réttum stað


Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **16%\***

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á [spronverdbref.is](http://spronverdbref.is)

SPRON Verðbréf  
Peningamarkaðssjóður SPRON

**16% ávöxtun**



Kaupþing  
Peningamarkaðssjóður  
14,9% ávöxtun

Landsbankinn  
Peningabréf Landsbankans  
15% ávöxtun

Glitnir  
Sjóður 9  
15,5% ávöxtun

## Hættir í smáskífum

Breski stórmarkaðurinn Woolworths er hættur að selja smáskífur á geisladiskum. Þetta er í samræmi við áætlanir stjórnenda. Verslunin er þó ekki með öllu hætt sölu á tónlist en hún hleypti af stokkunum netverslun með tónlist í síðustu viku og geta netviðskiptavinir eftirleidis halað niður tónlist á stafrænu formi frá henni.

Þetta er í rökréttu framhaldi af þróun í verslun með

tónlist í Bretlandi síðastliðin ár en átta milljónir smáskífudiska seldist þar í landi í fyrra samanborið við 72,6 milljónir laga sem halað var niður af netinu, samkvæmt upplýsingum vefútgáfu Retail Week.

Baugur hefur um nokkurra ára skeið átt um tíu prósentu hlut í versluninni í gegnum eignarhaldsfélagið Unity sem það heldur úti í Bretlandi ásamt FL Group og breska athafnmanninum Kevin Stanford. - jab



## Hömlur á fjármálafyrirtækin

„Nú um stundir gefst fyrsta tækifærið í hálföld til að setja hertar reglur um starfsemi banka og fjármálafyrirtækja,” segir Robert Wade, prófessor við London School of Economics. Wade hélt erindi um fjármálakreppuna í alþjóðlegu samhengi í Háskóla Íslands.

Wade sagði áhrif fjármálakreppunnar að finna afar víða og hefðu reglur og samþykktir á borð við Basel 2 og alþjóðlega reikningsskilastaðla átt að koma í veg fyrir kreppuna. Það gerðist hins vegar ekki enda hafi þær einungis gert það að verkum að fyrirtækin verja hvert annað fyrir áföllum og auka þannig áhættusækni einstakra fyrirtækja. Hann telur sömuleiðis að matsfyrirtækin hafi brugðist. Breyta þurfi regluverki um mat þeirra á fjármálakreppunum.

Wade sagði mikilvægt að setja nýjar og strangari



ROBERT WADE Prófessor við London School of Economics vill sjá strangar reglur um fjármálakreppuna, svipaðar þeim og viðhafðar eru um meðferð áfengis og skotvopna. MARKAÐURINN/VALLI

reglur en áður hafi þekkt um fjármálamarkaði. „Fjármálakreppur eru vandmeðfarnir, rétt eins og byssur, áfengi og tóbak,” sagði hann og benti á að afleiðingarnar af gáleysislegri notkun gætu verið slæmar líkt og fólk myndi nú um stundir. - jab

## Verðlækkun í þrjú ár

Lækkun á fasteignaverði mun vara samfelld næstu þrjú árin í Bretlandi og mun það lækka um tæpan helming að raunvirði á tímabilinu. Þetta er mat breskra fjármálasérfræðinga. Þeir telja fasteignaverð ná fyrri hæðum eftir níu ár.

Fasteignaverð í Bretlandi lækkar um 2,4 prósent á milli mánaða í maí en það var jafnframt áttundi mánuðurinn í röð sem það gerðist.

Fasteignaverð á, ásamt verðbólgu í Bretlandi og minna lausafé í umferð, stóran þátt í því að svartvísi hefur aukist mikið þar í landi upp á síðastliðin og hafa væntingar Breta til efnahagslífsins ekki verið minni í fimm ár. Breska dagblaðið Guardian segir að haldi þessi þróun áfram sé útlit fyrir að fimmtán þúsund fasteignasalar missi vinnuna á árinu.

Í skýrslu sem kynnt var í Bretlandi í síðustu viku kemur fram að reiknað sé með tíu prósentu



BRESKA ÞINGHÚSIÐ Óvíst er með verðmiðann á breska þinghúsinu. Bretar eru uggandi um þróun á fasteignamarkaði.

verðlækkun á fasteignaverði á þessu ári og 10,5 prósentu lækkun á næsta ári. Botninum verður náð eftir þrjú ár og mun verðið þá hækka á ný. - jab

## Samkeppni í olíuleit stóreykur kostnaðinn

Kostnaður við olíuleit á Drekasvæði verður mun meiri en gert hefur verið ráð fyrir. Heildarstofnkostnaður við olíuvinnslu gæti numið mörg hundruð milljörðum króna.

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

„Ég myndi segja að kostnaðurinn gæti tvöfaldast frá þessu mati og vel það,” segir Þórarinn Sveinn Arnarson, olíusérfræðingur hjá Orkustofnun.

Í mati sem birt var í skýrslu iðnaðarráðuneytisins fyrir ári er meðal annars gert ráð fyrir að kostnaður við leit eftir olíu og rannsóknir á Drekasvæði, norðaustur af landinu, geti numið 26 milljörðum króna.

Þórarinn bendir á að kostnaður við eina holu geti nú numið 150 milljónum Bandaríkjadala. Það jafngildir riflega 11 milljörðum íslenskra króna. Færeyingar hafa nú þegar borað fimm eða sex holur, án þess að olía hafi fundist.

Aukinn kostnaður skýrist af stóruáttunni eftirspurn eftir búnaði til olíuvinnslu á sjó.

Eins og fram kemur hér á síðunni, hafa olíurannsóknir við strendur Brasilíu, reynst frekar á borpalla, skip, mannafla og annars sem þarf til olíuvinnslu.

Þórarinn bendir á að íslenskir skattgreiðendur eigi ekki eftir að bera kostnað af leit og rannsóknum, heldur olíufélagin sem leita olíunnar.

Hann segir að Orkustofnun hafi fengið fjölmargar fyrir-



OLÍUNNI DÆLT ÚR SJÓNUM Mikil eftirspurn er eftir olíuborðum og öðrum búnaði sem nauðsynlegur er til olíuvinnslu á hafi. Það þýðir að olíuleit á Drekasvæði verður mun dýrari en áður var ætlað.

spurnir frá olíufélögum um leit og vinnslu á Drekasvæðinu. Erfitt sé að veita þeim svör nú, þar sem regluverk um skattlagningu olíugróða liggur ekki fyrir.

Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að tillögur um það verði unnar í sumar og lagðar fyrir ríkisstjórn. Væntanlega komi fram frumvarp um málið snemma í haust.

Finnist olía og gas á Drekasvæðinu má gera ráð fyrir því að heildarstofnkostnaðurinn fari hátt í 700 milljarða króna, á verðlagi ársins 2005. Stærsti

kostnaðarliðurinn í dæminu yrði gasleiðsla sem lögð yrði upp að norðausturlandi og verksmiðja þar til að breyta gasinu í fljótdandi form, til útflutnings.

Þrátt fyrir þennan gríðarlega stofnkostnað er eftir töluverðu að slæggast. Í sama dæmi er gert ráð fyrir að tekjur af olíu- og gasvinnslu verði sex sinnum meiri en sem nemur stofnkostnaðinum.

Þá hefur olíuverð hækkað gríðarlega. Verð á tunnu af hráolíu hefur farið upp undir 140 Bandaríkjadali. Forstjóri Gazprom sagði í gær að verðið kynni að fara upp í 250 dali.

## Nýr Opera-vafri væntanlegur

„Við erum með besta vafrann fyrir alla. Við viljum bæta hann og reynum alltaf að gera betur,” segir Jón S. von Tetzchner, forstjóri og annar tveggja stofnendur norska hugbúnaðarfyrirtækisins Opera Software.

Ný og endurbætt útgáfa Opera-vafrans fyrir einkatölvur, sem ber nafnið Opera 9.5, er væntanleg – jafnvel í vikunni. Tvö ár eru síðan síðasta stóra útgáfan leit dagsins ljós. Þeir sem ekki geta setið á strák sínum geta halað niður prufuútgáfu (e. beta) á vefsíðu Opera.

Á meðal helstu nýjunga í útgáfunni eru samþætt bókamerki og minnisþuntar og leit í eldra rápi (e. history search) svo fátt eitt sé nefnt. Þá er hægt að velja hvort myndir birtast á vefsíðum eður ei en það hraðar niðurhalinu.



JÓN S. VON TETZCHNER Opera-menn reyna alltaf að gera betur, segir forstjóri Opera Software. MARKAÐURINN/VILHELM

Jón segir léttleikann gera vafrann afar hentugan fyrir netnotendur sem búi á svæðum þar sem nettengingar eru lélegar eða af skornum skammti, svo sem í Bangladess og í þróunarlöndum þar sem farsímaútgáfa vafrans hefur notið vinsælda. - jab

## BORGARTÚN LEIGA

### GLÆSILEGT ATVINNUHÚSNÆÐI MED STÓRKOSTLEGU ÚTSÝNI

Til leigu í Borgartúni annars vegar bjart og skemmtilegt 665 fm skrifstofuhúsnæði á jarðhæð með mikilli lofthæð, gólfsíðum gluggum og góðu aðgengi. Hins vegar glæsilega innréttað og vandað u.p.b. 350 fm skrifstofuhúsnæði á 4. hæð í sama húsi. Húsnæðið er frábærlega staðsett við sjávarsíðuna við eina af mestu umferðaræðum höfuðborgarsvæðisins í þessu ört vaxandi viðskiptahverfi borgarinnar. Auglýsingagildi hússins er því mjög sterkt. Falleg fjalla- og sjávarsýn er úr eigninni.

Upplýsingar gefur Elías Haraldsson lfs. í síma 898-2007

**HÚSAVÍK**  
FASTEIGNASALA  
REYNIR BJÖRNSSON, LÖGG. FASTEIGNASALI  
ELÍAS HARALDSSON, LÖGG. FASTEIGNASALI  
SÍMI 510-3800

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SKRIFSTOFU

## Dýrustu olíuframkvæmdir sögunnar

Olíuvinnsla í Brasilíu tekur upp tæki og búnað sem annars mætti nota við olíuleit hér við land.

Viðbúið er að framkvæmdir við olíuvinnslu undan ströndum Brasilíu verði þær dýrustu í sögunni. Breska ráðgjafarfyrirtækið Neftex Petroleum telur að kostnaður við að sækja olíu sem þar hefur fundist nemi um 240 milljörðum Bandaríkjadala. Það jafngildir riflega átján þúsund milljörðum íslenskra króna. Á móti eiga þarna að vera ríkulegar olíulindir. Virði olunnar er talið um sex þúsund milljarðar dala.

Fram kemur í hálfmífréttum greiningardeildar Kaupþings að framkvæmdirnar hafi mikil áhrif á olíuáætlunina í

heild. Petrobras, brasilíska olíufélagið, leiti til fjölmargra aðila eins og olíufélagsins Exxon. Félagið hafi þegar leigt fjóra af hverjum fimm olíuborðpöllum sem völ er á í heiminum og hafi pantað fjörtíu borskip og palla. Yfir fjórtán þúsund verkfræðingar, jarðfræðingar og verkamenn verði ráðnir til verks.

Áætlað er að hefja vinnslu í apríl á næsta ári.

Vinnsla á Tupi-svæðinu undan ströndum Brasilíu er ekki auðveld. Olían mun liggja á tíu kílómetra dýpi, undir sjó og bergi. Það eykur kostnað við borun og vinnslu verulega. - ikh

# NÁTTÚRULEGT FORSKOT



## GLITNIR HLÝTUR VIÐURKENNINGU FINANCIAL TIMES

Financial Times verðlaunar á hverju ári þær bankastofnanir í heiminum sem staðið hafa að viðskiptum sem stuðla að sjálfbærri þróun og sýna samfélagslega ábyrgð. Verðlaunin kallast „FT Sustainable Banking Awards.“ Glitnir varð í öðru sæti í flokknum „Sustainable Deal of the Year 2007“ fyrir fjármögnun á 50 MW jarðvarmavirkjun í Kaliforníu en Glitnir atti þar kappi við stórbanka á borð við Merrill Lynch, Morgan Stanley, Citi US og Blue Orchid.

Úr umsögn dómnefndar um Glitni: „A case study in comparative advantage. Geothermal – they know how to do it and are claiming a global leadership role.“

Verðlaunin staðfesta að Glitnir er í fremstu röð í heiminum í fjármögnun jarðvarmaverkefna sem er eitt af sérsviðum bankans.

GLITNIR



**SEGLIN PANIN**  
Fjárfestingarsjóðir Persaflóaríkja hafa verið stórtækir í fjárfestingum víða um heim. Hluti oliupeninganna hefur ratað að ströndum Íslands.

## Almannafé til bjargar einkaframtafinu

Gríðarleg eftirspurn hefur verið eftir fjármagni úr opinberum fjárfestingarsjóðum og opinberum lánastofnunum undanfarna mánuði. Kínverjar hafa fjárfest fyrir háar fjárhæðir í fyrirtækjum um allan heim. Arabískir oliupeningar skipta einnig meira og meira máli. *Ingimar Karl Helgason* leit á nokkrar nýlegar fjárfestingar hér heima og í útlöndum og komst meðal annars að því að mörgum þykir skorta regluverk um starfsemi opinberra sjóða.

**P**etta eru í rauninni nánast opinberar fjárfestingar, því oft eru það stjórnvöld í viðkomandi landi sem stýra þeim," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

### STÓR FJÁRFESTING ÚR ARABALÖNDUM

Tilfni ummæla Þórðar eru stóru auknar fjárfestingar sjóða í eigu ýmissa ríkja. Angi af slíku er 5,5 milljarða króna fjárfesting Al-Thani, sem er bróðir emírshins af Katar, í nýjum hlutum í félaginu Alfesca. Al-Thani eignast 12,6 prósent hlut í félaginu.

Al-Thani fjölskyldan hefur flestu ráðið í Katar undanfarna 150 ár.

### FJÁRÞURFI SPILABORG

Þessi fjárfesting Al-Thanis er langt í frá einsdæmi um þessar mundir. Það hefur farið mjög vaxandi að opinbert fé, eða hálfopinbert, sé fést í fjárfurfi félögum á Vesturlöndum.

Í upphafi síðasta árs var eins og engan grunaði hvað væri í vöndum. Menn virtust ekki gera ráð fyrir öðru en að framhald yrði á ofurhagnaði misseranna á undan. Eftir langt tímabil lágra vaxta og auðveldrar fjármögnunar, var eins og skellt væri í lás.

Síðasta sumar komu í ljós breistir í fjármálakerfinu, sem síðan hafa ekkert gert nema verða sýnilegri. Illa hugsuð fasteignalán í Bandaríkjunum komu upp á yfirborðið, þegar fólk hætti að geta greitt af þeim. Spilaborgin byrjaði að hrynja; traustið hvarf og enginn þorði að lána. Sú staða dró þó ekkert úr þörfinni fyrir fé. Þá hafa fjármálastofnanir horft í aðrar áttir.

### ALMENNINGUR TIL BJARGAR

Í undirmálslánakreppunni hafa stjórnendur fjármálafyrirtækja beint ákalli sínu til stjórnvalda og seðlabanka. Nærtækt dæmi er neyðaróp Josefs Ackermann, stjórnarformanns Deutsche Bank, sem sagðist í samtali við Spiegel ekki lengur trú á getu markaðarinnar til að bjarga sér sjálfur. Brýnt væri að ríkisstjórnir og seðlabankar tækju höndum saman við fyrirtækin vegna lausafjárfestinga.

Nefna má þjóðnýtingu breska

Northern Rock-bankans, til að styðja við stóðir fjármálakerfisins, og mjög svo óhefðbundna aðgerð bandaríska seðlabankans, sem gerði JP Morgan Chase-bankanum kleift að kaupa Bear Stearns-fjárfestingarbankann á slíkk.

Undanfarna mánuði hefur einnig orðið algengara að þjóðarsjóðir (e. sovereign funds) hafi gerst stórtækir í að láta vestræn fjármálafyrirtæki hafa fé. Þessir sjóðir eru oftast en ekki með heimilisfesti utan Vesturlanda.

Nefna má þjóðarsjóði Singapúr, Abu Dhabi, Kúvæt, Suður-Kóreu og Kína, en þeir eru fleiri.

### ÞRjú ÞÚSUND MILLJARÐAR

Fram kemur yfirliti í maíhefti franska fréttatímaritsins Le Monde Diplomatique að vestræn fyrirtæki hafa tekið fagnandi við fé frá þessum sjóðum.

Nefna má að í lok nóvember keypti ADIA, þjóðarsjóður Abu Dhabi, tæplega fimm prósent hlut í Citigroup, stærsta banka heims. Fyrir hlutinn greiddi sjóðurinn sjö og hálfan milljarð Bandaríkjadala, eða sem nemur ríflega 570 milljörðum króna á gengi gærdagsins.

Þjóðarsjóður Singapúr keypti í UBS-bankanum, þeim tíunda stærsta í heimi, fyrir hátt í átta hundruð milljarða króna og Kínverska fjárfestingarfélagið varði öðru eins til að kaupa rétt innan við tíu prósent hlut í Morgan Stanley.

Í allt eiga þjóðarsjóðir, sem oftast en ekki koma frá löndum utan Vesturlanda, það sem nemur þremur þúsundum milljarða Bandaríkjadala í vestrænum fyrirtækjum. Þetta nemur næstum því 230 þúsund milljörðum íslenskra króna.

Þjóðarsjóður Singapúr keypti í UBS-bankanum, þeim tíunda stærsta í heimi, fyrir hátt í átta hundruð milljarða króna og Kínverska fjárfestingarfélagið varði öðru eins til að kaupa rétt innan við tíu prósent hlut í Morgan Stanley.

Í allt eiga þjóðarsjóðir, sem oftast en ekki koma frá löndum utan Vesturlanda, það sem nemur þremur þúsundum milljarða Bandaríkjadala í vestrænum fyrirtækjum. Þetta nemur næstum því 230 þúsund milljörðum íslenskra króna.

### PÓLÍTÍSK MARKMIÐ

Málefni þjóðarsjóða voru rædd í Davos fyrr á árinu. Þar komu meðal annars fram áhyggjur af



**FRAMTÍÐ KÍNVELDIS** Kínverjar hafa verið stórtækir í fjárfestingum utan heimalandsins. Hver veit nema þessi börn eigi eftir að hafa mikið að segja um þróun mála hjá vestrænum fyrirtækjum í framtíðinni.

því að sjóðirnir kynnu að láta stjórnast af pólitískum markmiðum, fremur en öðrum. Kjölfestuhlutir í stórum fyrirtækjum kynnu að verða notaðir til þess að hjálpa innlendum keppinautum í samkeppni við erlend fyrirtæki. Jafnvel gætu þeir lagt til atlögu á gjaldeyrismörkuðum.

„Þessi umræða ber keim af því að sjóðirnir séu sekir uns sakleysi er sannað," sagði Bader Al-Sa'ad, yfirmaður Kúvæska sjóðsins, við International Herald Tribune í Davos í janúar.

Þórður Friðjónsson segir að sjóðirnir verði að sanna sig. „Þeir verða að tryggja gegn-sæi og sýna að þeir gangi fram með viðskiptasjónarmiðum en ekki annarlegum hagsmunum." Þórður vísar til norska olíusjóðsins. Þar sé gagnsæi auk þess sem fjárfestingastefna sé skýr.

Á Davos-fundinum var einnig fjallað um hugsanlegt regluverk vegna svona sjóða. En um leið kom fram að sjóðirnir væru ákaflega mismunandi. „Það er munur á sjóðum Persaflóaríkja og Kína. Sjóður Singapúr er enn annað mál og Rússa einnig. Ég held því ekki að það verði hlaupið að því að setja almennar reglur um svona sjóði," sagði fjárfestirinn George Soros.

### ÞEIR VILJA PENINGANA EN EKKI OKKUR

Sú var tíðin að þjóðarsjóðirnir áttu síður en svo greitt aðgengi að vestrænum fyrirtækjum. Fyrir þremur árum reyndi kínverskt félag að kaupa bandaríska Unocal-olíufélagið. Það mistókst.

Þá stóð til að félagið Dubai Ports tæki að sér rekstur sex hafna í Bandaríkjunum. Það mætti mikilli andstöðu og á endanum var hætt við.

Breyttar aðstæður á fjármálamörkuðum hafa hins vegar haft í för með sér breytt viðhorf í þessum efnum. Samt sem áður er það svo að yfirleitt hafa þjóðarsjóðirnir takmörkuð áhrif á rekstur fyrirtækjanna. Til að mynda eru eignarhlutir þeirra yfirleitt undir tíu prósentum. Auk þess óska þeir yfirleitt ekki eftir stjórnarsæti.

Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, hefur orðað þetta svo. „Þeir vilja peningana okkar en ekki okkur."

### MILLJÓN MILLJARÐAR

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, stakk upp á því, í ræðu á aðalfundi bankans fyrir skömmu, að hér yrði stofnaður „þjóðarsjóður". Slíkur sjóður gæti hlaupið undir bagga með atvinnulífínu þegar að kreppti. Eftir svo sem áratug, gæti slíkur sjóður orðið umtalsverður.

En þeir eru fleiri sem hugsa í slíkum brautum. Rússar stofnuðu „framfjárfestingarsjóð" snemma á þessu ári. Þá hafa Japanar, Indverjar og Sáði-Arabar einnig í hyggju að koma sjóðum á fót.

Samkvæmt yfirliti Le Monde Diplomatique er talið að árið 2015 eigi þjóðarsjóðir eftir að stýra verðmætum sem á núvirði nema tólf þúsund milljörðum Bandaríkjadala. Það er óskiljanleg tala, fer nálægt milljón milljörðum króna.



**JOHNNY ÁKERHOLM** Forstjóri Norræna fjárfestingarbankans. MYND/NIB

## Norræni fjárfestingarbankinn

„Það er hæpið að líkja Norræna fjárfestingarbankanum við opinbera sjóði sem fjárfesta í eignum," segir Johnny Ákerholm, forstjóri Norræna fjárfestingarbankans.

Hann bendir á að bankinn, sem er í eigu norrænna ríkja og Eyrstrasaltsríkja, sé fyrst og fremst lánastofnun.

Ákerholm segir samt sem áður að órói á mörkuðum hafi haft í för með sér mikla eftirspurn eftir lánum hjá bankanum, og ekki síður hafi menn keppt við að lána bankanum fé.

„Við fjármögnum okkur með lánnum og útgáfu skuldabréfa á fjármálamörkuðum um allan heim," segir Ákerholm. „Á erfiðum tímum á mörkuðum þá höfum við hagnast á góðu orðspori, enda með hæstu lánsþæfis-einkunn. Því höfum við getað fengið fé á góðum kjörum."

Bankinn safnaði í fyrra 4,3 milljörðum evra, eða sem nemur ríflega 500 milljörðum íslenskra króna. Það er hið mesta sem bankinn hefur fengið á einu ári.

Á sama tíma varð sprenging í útlánnum hjá sjóðnum. „Við greiddum 2,4 milljarða evra út í lánnum í fyrra, sem er hið mesta í sögu sjóðsins."

Ákerholm segir að það sem af er ári hafi ekkert lát orðið á eftirspurn eftir lánnum hjá sjóðnum.

Hann bætir því við að bankinn láni fyrst og fremst til einka-fyrirtækja í ríkjunum sem eiga bankann. Eftirspurnin sé ekki síst þaðan.

Fram kom í fréttatilkynningu með ársreikningi bankans nú í mars að bankinn sinni einkum langtímalánveitingum til orkuverkefna, umhverfismála og samgangna, auk þess að efla félagslega innviði á svæðum við Eyrstrasalt.

Um áramót átti sjóðurinn úti-standingi lán í 38 löndum. Þar á meðal hefur verið lánað til verkefna í Kína, Rússlandi og Brasilíu.

Þess má geta að Íslendingar eiga 0,9 prósent í Norræna fjárfestingarbankanum. Hins vegar hafa um átta prósent af heildar-útlánnum sjóðsins ratað hingað til lands.

**ÁSDÍS DÖGG ÓMARSÓTTIR**

LEIÐSÖGUMAÐUR OG JARÐFRÆÐINGUR  
SEM VINNUR Í CINTAMANI CENTER,  
LAUGAVEGI. ALHLIÐA ÚTIVISTARKONA EN  
SNJÓBRETTI, FJALLAHJÓLREIÐAR OG  
LONGBOARD BRETTIÐ ERU HENNAR  
SÉRGREINAR.

**TECNOSTRETCH PEYSA:** JÓNÍNA CM-524

**FLÍS BUKUR:** ÁSDÍS CM-815

**WWW.CINTAMANI.IS**



SPJARÐU ÞIG



# Andrés Önd og peningastefnan

Eflaust reka margir upp stór augu þegar rætt er um teiknimyndapersónu og peningamálastefnu í sömu andrá. Raunin er hins vegar sú að seðlabankar heimsins hafa gripið til frumlegra aðferða til að breiða út boðskap hagfræðinnar. Björn Þór Arnarson skoðar hvað hægt er að gera til að uppfærða almenning um hagfræði og peningastefnuna.

**P**au skref sem við höfum tekið í að auka gagnsæi og upplýsingagjöf hafa aukið áhrifamátt peningastefnunnar. Við sjáum það af verðmyndun á markaði að við erum að hafa meiri áhrif með því að gefa meiri upplýsingar," segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands.

Spurður hvort Seðlabanki Íslands stefni að útgáfu kennsluefnis líkt og margir seðlabankar hafa gert undanfarið segir Þorvarður að það hafi verið fundað um það og þá sérstaklega að auka samstarf við skólana. Hann bendir á að margir seðlabankar hafi farið í samstarf við skóla og komið á fót keppnum á sviði hagfræði. Hann segir að rætt hafi verið um að koma á slíkri keppni hérlendis en ekkert ákveðið í þeim efnum.

Þorvarður telur að aukin upplýsingagjöf styðji tvímælalaust við peningamálastefnuna. „Það skiptir ofboðslega miklu máli að upplýsa almenning um hagfræði og áherslan á peningamálahagfræði er allt of lítil á Íslandi. Það er ótrúlegt í ljósi verðbólguáttunnar að það sé ekki meiri umræða um hve skaðleg verðbólga sé," segir Þorvarður. Hann segir jafnframt að hann hafi upplifað það margsinna að þurfa að útskýra hve skaðleg verðbólga sé á meðan almenningur í Þýskalandi fari á taugum ef fréttir birtist sem sýni þriggja prósentu verðbólgu.

Spurður hvort Andrés Önd eða aðrar teiknimyndapersónur geti stutt við peningamálastefnuna í ljósi þess að Seðlabanki Bandaríkjanna gefur út myndasögur til að upplýsa almenning um hagfræði segir Þorvarður: „Þetta

leggst allt á sömu sveif, hvort sem það eru teiknimyndasögur eða mjög fræðileg umræða.“

## ENGIN ÁKVÖRDUN ENN

„Seðlabankinn tekur reglulega á móti námsfólki á öllum aldri, allt frá grunnskólanemum til háskólanema, og við kynnum þeim starfsemina. Einnig er tekið á móti starfsmannafélögum og félagasamtökum. Við reynum að miða kynningar við hæfi hvers og eins þó að áherslan sé á að útskýra þá þætti sem varða verðbólguáttunni bankans og fjármálastöðugleika. Yngri hlustendur hafa jafnan meiri áhuga á seðlum og mynt auk gullforða bankans," segir Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri hjá Seðlabanka Íslands.

Hann bendir á að bankinn gefi út ýmislegt efni sem þjóni þeim tilgangi

**Það skiptir ofboðslega miklu máli að upplýsa almenning um hagfræði og áherslan á peningamálahagfræði er allt of lítil á Íslandi. Það er ótrúlegt í ljósi verðbólguáttunnar að það sé ekki meiri umræða um hve skaðleg verðbólga sé**



## Myndasögur og tölvuleikir

Seðlabanki Bandaríkjanna er leiðandi meðal seðlabanka í útgáfu fræðsluefnis til kennara, nemenda og almennings. Efnið er aðgengilegt á vefsíðu bandaríska seðlabankans og er auðfundið þar sem bankinn er með leitarvél þar sem auðvelt er að leita að efni eftir erfiðleika eða framsetningarformi.

### SAGAN UM PENINGAMÁL

Sagan sýnir hvernig peningastefnan hefur áhrif á venjulegan borgara. Vaxtalækkun seðlabanka leiðir til lægri vaxta til almennings og yfir undir neyslu. Á sama hátt er sýnt fram á það hvers vegna vextir eru hækkadír þegar verðbólga fer á skrið til að draga úr neyslu.




**SAGA BANKA** Sagan um banka segir frá þremur vinum sem stofna fyrirtæki og leita til banka til að ávaxta fé fyrirtækisins og halda fjármunum sínum á öruggum stað. MARKAÐURINN/SEÐLABANKI BANDARÍKJANNA

Seðlabanki Bandaríkjanna gefur meðal annars út myndasögur, tölvuleiki, bækur, margmiðlunarefni, auk þess er hægt að spreyta sig í ýmsum leikjum um peningamál. Bankinn gefur einnig út kennslumyndbönd sem kennarar geta sýnt nemendum sínum í kennslu, glósur og annað kennsluefni.

### SAGAN UM STÖÐU HEIMILANNA

Sagan lýsir á myndrænan hátt hvernig Martin fær lán hjá Sheila til að kaupa sér ís en þarf að greiða lánið til baka viku síðar ásamt vöxtum. Martin á erfitt með að skilja af hverju hann þarf að greiða meira til baka en hann fékk lánað en það rennur upp fyrir honum ljós þegar Sheila gerir grein fyrir því að hún mun ekki geta keypt sér neitt fyrir þennan pening næstu vikuna. Martin sér að hann er í raun að greiða smá



**FJÁRMÁL HEIMILANNA** Sagan um fjármál heimilanna segir sögu vinnuhóps sem lendir í ýmsum ævintýrum og lærir af reynslunni um mikilvægi aga í fjármálum. MARKAÐURINN/SEÐLABANKI BANDARÍKJANNA

Auðsöfnun (e. Building Wealth) er tölvuleikur þar sem nemendum er kennt gildi sparnaðar og hvernig best sé að haga fjármálum heimilisins. Líkt og flest það sem bankinn gefur út er leikurinn myndrænn og auðskilinn fyrir almenning. Hér að neðan má sjá dæmi um þrjár myndasögur sem Seðlabanki Bandaríkjanna hefur gefið út.

### SAGAN UM BANKA

Sagan um banka fjallar um þrjá vini sem stofna bakarí. Eftir fyrstu vikuna eru þremmingarnir í vanda þar sem þeir vita ekki hvað þeir eiga að gera við peninginn sem kom í kassann í fyrstu vikunni. Félagarnir fara saman í banka og fræðast um þá möguleika sem eru í boði og hvernig sé best að haga fjármálum fyrirtækisins.



**SAGAN UM PENINGAMÁLASTEFNU** Seðlabanki Bandaríkjanna gefur út myndasögur um helstu atriði peningamálastefnunnar. MARKAÐURINN/SEÐLABANKI BANDARÍKJANNA

Hugmyndasamkeppni RSE:

## Gera almenning la

Nauðsynlegt er að vekja menn til vitundar um mikilvægi þess að kynna ungu fólki hagfræði og gera þau læs á efnahagsmál. Skortur er á hvetjandi og lifandi námsgögnum sem auðveldar kennurum að miðla efni til nemenda, segir Birgir Tjörvi Pétursson, framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál (RSE). Birgir Tjörvi segir að hann hafi fengið góð viðbrögð frá kennurum og öðrum sem koma nálægt kennslu í framhaldsskólum sem eru almennt sammála um að þetta sé nokkuð sem þurfi verulega að bæta.

**GÓÐ VIÐBRÖGÐ**  
Birgir Tjörvi Pétursson, framkvæmdastjóri RSE, segir að hann hafi fengið góð viðbrögð frá kennurum vegna hugmyndasamkeppni RSE.

MARKAÐURINN/RÓSA

**HUGMYNDASAMKEPPNI RSE**  
RSE hefur ákveðið að ráðast í gerð framhaldsskólum, en jafnframt gefur hún auk fjölbreytni og framboð námssefnis til hugmyndasamkeppni í samvinnu. RSE hefur sérstaklega hvetið hugfræðigreina í framhaldsskólum um þrjár bestu hugmyndirnar verða vaxtalækkun, vaxtalækkun og vaxtalækkun.  
**1. VERÐLAUN: 250 PÚSUND**  
**2. VERÐLAUN: 150 PÚSUND**  
**3. VERÐLAUN: 50 PÚSUND**  
Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu RSE.





**KENNSLUEFNI SEÐLABANKA** Seðlabankar gefa út fjölbreytt kennsluefni um hagfræði og peningamál. Á myndinni hér að ofan má sjá dæmi um tölvuleiki hjá finnska og nýsjálenska seðlabankanum. Auk þess má sjá annað litríkt og lifandi efni sem aðrir seðlabankar heimsins gefa út.



**SLÆLEG UPPLÝSINGAGJÖF** Ragnar Arnason, prófessor við Háskóla Íslands, segir að upplýsingagjöf Seðlabanka Íslands sé léleg miðað við mikilvægi bankans. MARKAÐURINN/ANTON

## Upplýstur almenningur veitir aðhald

Aukin upplýsingagjöf getur hjálpað Seðlabankanum í skynsamlegum aðgerðum og hugsanlega veikt bankann í röngum aðgerðum. Eftir því sem fólk í landinu er upplýstara um skynsamlega peningastjórnun og verði á móti rangri stjórnun segir Ragnar Arnason, prófessor við Háskóla Íslands og einn af stofnendum Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál (RSE).

um atriðum hagfræðinnar,“ segir Ragnar.

### SEÐLABANKA FARIÐ AFTUR

Spurður um viðleitni Seðlabanka Íslands til að gefa út kennsluefni segir Ragnar að bankanum hafi farið aftur ef eitthvað er. „Seðlabankinn gaf út Fjármálatíðindi, sem var tímarit um efnahagsmál sem hafði nokkuð breiða skírskotun og talsverða útbreiðslu og var vettvangur fyrir almenna umræðu. Bankinn ákvað hins vegar að hætta þeirri útgáfu og gefur nú einungis út rit sem hans eigin menn rita í,“ segir Ragnar.

Ragnar segir að bæði innan RSE og Háskóla Íslands hafi lengi verið rætt um mikilvægi þess að útbúa aðgengilegt kennsluefni á framhaldsskólastigi. Hann segir að RSE hafi ákveðið að ráðast í gerð kennsluefnis fyrir framhaldsskóla og af því tilefni efnt til hugmyndasamkeppni. „Útskýra þarf hvernig markaðurinn starfar á skýran, skilmerkilegan og skemmtilegan hátt. Nemendur þurfa að geta hrifist af námsefninu en ekki týna sér í tæknileg-

Hann segir að það efni sem Seðlabanki Íslands gefi út, sem er talsvert, sé mestmegnis ritað á tæknilegan hátt og ekkert gert til að útbúa efni til að upplýsa almenning. Hann bendir á að það er vissulega hlutfallslega dýrara að gefa út fræðsluefni í smáum ríki en nefnir þó að í ríkjum líkt og Nýja-Sjálandi, sem ekki séu stór, standi seðlabankar sig mun betur en Seðlabanki Íslands.

að uppfræða almenning, og fleira hafi verið til umræðu þó að ekki hafi verið tekin ákvörðun um slíkt.

Spurður um tölvuleik sem er í myntsafni Seðlabankans og Þjóðminjasafns í seðlabankabyggingunni við Kalkofnsveg segir Stefán að hann hafi verið saminn í samvinnu við Seðlabanka Finnlands og margmiðlunarfyrtæki í Finnlandi. „Leikurinn er ekki aðgengilegur á vefnum en myntsafnið er opið reglulega fyrir almenning og því geta áhugasamir skoðað þennan leik sem byggir á samskonar forsendum og liggja að baki þegar seðlabankar beita vöxtum til að hafa áhrif á verðbólgu,“ segir Stefán.

Hann segir jafnframt að það sé í



**UPPLÝSINGAR STYÐJA PENINGAMÁLASTEFNUNA** Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands, segir að bankinn sé að skoða auknið samstarf við skóla á sviði hagfræðikennslu. MARKAÐURINN/GVA

bígerð að setja leikinn á vefinn en óljóst er hvenær af því verður. Stefán bendir á að leikurinn er að-



**ÁHERSLA Á AÐ ÚTSKÝRA VERÐBÓLGUMARKMIÐ** Stefán Jóhann Stefánsson ritstjóri segir að bankinn taki reglulega á móti námsfólki og leggi áherslu á að útskýra verðbólguáhrif bankans og mikilvægi fjármálastöðugleika. MARKAÐURINN/VALLI

gengilegur á hinni ensku heimasíðu safns Seðlabanka Finnlands, [www.rahamuseo.fi/english/](http://www.rahamuseo.fi/english/).

## esjan á efnahagsmál



**RSE** Það námsefni í hagfræði, sem einkum geti nýst til kennslu í gagnast öllum almenningi. Vonir standa til þess að verkefnið efni á þessu sviði. Af þessu tilefni hefur verið ákveðið að hefja verkefnið, þar sem öllum gefst kostur á að senda tillögur um verkefnið gert. Sérstök verðlaun verða veitt bestu hugmyndum til þátttöku alla sem hafa reynslu í kennslu viðskipta- og vinnuáhrifa. Skilafrestur er 13. júní næstkomandi. Verðlaunaðar sérstaklega.

**D KRÓNUR.**  
**D KRÓNUR.**  
**D KRÓNUR.**  
Símanúmer RSE, [www.rse.is](http://www.rse.is).

## Viltu setjast í stól seðlabankastjóra?

Í myntsafni Seðlabanka Íslands er tölvuleikur þar sem gestir geta spreytt sig á því að sitja í stól bankastjóra Seðlabanka Íslands. Leikmenn fá upplýsingar um gang mála í efnahagslífinu og eiga að bregðast við með því að nota sömu stýritæki og bankastjóri Seðlabanka Íslands hefur á að ráða. Markmið leiksins er að halda verðlagi sem næst verðbólguáhrifum bankans, sem er sama markmið og Seðlabanki Íslands hefur.

Ýmis áföll dynja yfir og verða leikmenn að ákveða hvort rétt sé að hækka, lækka eða halda vöxtum stöðugum þegar olíukreppa ríkir í heiminum eða peningaframboð og atvinnuleysi eykst. Leikurinn er ekki aðgengilegur á vefnum á íslensku en hægt er að freista gæfunnar í enskri útgáfu leiksins á vefsíðu safns Seðlabanka Finnlands, [www.rahamuseo.fi/english/](http://www.rahamuseo.fi/english/).



**NIDURSTAÐA LEIKSINS** Ef vel gengur í leiknum koma skilaboð í lok leiksins um hve eftirsóttur bankastjórinn er á vinnuáhrifum. MARKAÐURINN/SEÐLABANKI FINNLANDS



**BANKASTJÓRI SBÍ** Í myntsafni Seðlabanka Íslands er tölvuleikur þar sem hægt er að setjast í stól bankastjóra og glíma við þær aðstæður sem seðlabankastjóri Íslands stendur frammi fyrir. MARKAÐURINN/GVA



**FRÆDSLUEFNI SEÐLABANKA SVISS** Seðlabanki Sviss hefur komið á fót vefsíðunni [www.iconomix.ch](http://www.iconomix.ch) þar sem hagfræði er sett fram á skýran og lifandi hátt. MARKAÐURINN/SEÐLABANKI SVISS

## Gagnvirk vefsíða

Seðlabanki Sviss heldur úti vefsíðunni [www.iconomix.ch](http://www.iconomix.ch). Vefsíðan er á fjórum tungumálum og hægt er að taka þátt í keppnum á landsvísu í eins konar tölvuleik. Leikurinn líkir eftir því hvernig er að sitja í stól bankastjóra, og keppendum er sett fyrir það verkefni að stýra hagkerfi landsins miðað við ákveðnar forsendur. Keppt er milli skóla og hverfa, sem skapar uppbyggilega umræðu um efnahagsmál.

fræðast um seðlabanka og peningamál og efnahagsmál. Vefsíðan hefur hlotið mikið lof að undanförunni og fengið verðlaun fyrir góða hönnun, tæknilega útfærslu og að styðja við fræðslu um efnahagsmál.



**MARGS KONAR MARGMIÐLUNAREFNI** Á vefsíðunni [www.iconomix.ch](http://www.iconomix.ch) er hægt að spila leiki, taka þátt í keppnum og taka próf til að kanna kunnáttu sína í hagfræði. MARKAÐURINN/SEÐLABANKI SVISS

Vefsíðan er litrík og lifleg og auðvelt er að fræðast þar um heim hagfræðinnar. Töluvert er af kennslu- og fræðsluefni á síðunni sem er aðgengilegt fyrir kennara og nemendur sem hafa áhuga á því að

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn segir Ísland skrapa botninn þegar kemur að hagvexti næstu árin.

## Hvað er til ráða?

Björn Ingi Hrafnsson

Undanfarnin ár hefur sannkallað góðæri ríkt hér á landi í efnahagslegu tilliti. Hagvöxtur hefur verið mikill, jafnvel of mikill að margra mati, og uppbygging gífurlega hröð og mikil á nær öllum sviðum. Ýmsir virðast hafa hafað málum líkt og enginn kæmi morgundagurinn og súpa ef til vill seyðið af því núna að hafa eytt um efni fram. Við þær aðstæður er öllum hollt að draga saman seglin, greiða niður skuldir og ná vopnum sínum á nýjan leik. En til þess að þjóðinni takist það ætlunarverk sitt, sem og fyrirtækjunum í landinu, verða að vera til staðar hagstæð ytri skilyrði í þjóðarbúskapnum.

Í þeim efnum fólst engin sérstök hughreysting í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær, þar sem upplýst var að Ísland skrapaði nánast botninn í nýrri hagvaxtarþá Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Íslandi er spáð þriðja lægsta hagvexti í heiminum, 0,4 prósentum á árinu 2008, og aðeins tveimur ríkjum er spáð minni hagvexti; Ítalíu og Símbabve, sem glímur raunar við mikinn og neikvæðan hagvöxt upp á 6,6 prósent.

Ekki fólust betri tíðindi í langtímaspá sjóðsins, þar sem gert er ráð fyrir enn minni hagvexti hér á landi á næsta ári, eða 0,1 prósent. Hefur sjóðurinn ekki spáð minni hagvexti hérlendis frá árinu 2002 og gerir raunar ekki ráð fyrir að hagvöxtur á Íslandi ná meðaltali hagvaxtar þróaðra landa í heiminum fyrr en í fyrsta lagi árið 2012.

Vísast munu spár af þessu tagi verða tilefni mikillar umræður á innlendum vettvangi á næstunni. Eða hvað? Er staðan orðið sú að ekki sé lengur keppikefli að byggja upp hér atvinnu og aukin verðmæti? Hefur þjóðin það svo gott, í kjölfar langvarandi hagvaxtarkeiðs, að hún hugi ekki enn að sér? Ríkir hér ekki ótti við umtalsvert atvinnuleysi og jafnvel kreppu? Hver verða áhrif hinna ótrúlegu verðhækkana á hrávöru? Hvað þýðir í reynd sú olíukreppa sem geisar nú á heimsmörkuðum? Er spá Seðlabankans um þrjátíu prósentu raunlækkun á húsnæði jafnvel vanmetin? Hvað þýðir það fyrir heimilin í landinu?

Satt að segja er nokkurt undrunarefni hversu lítið fer fyrir umræðum af þessu tagi hérlendis um þessar mundir. Þó blasa þessar staðreyndir við öllum sem um málið fjalla. Þegar við bætist sögulegt verðbólguþema blasir lítið annað við en hörð lending og jafnvel mjög harkaleg.

Við skulum ekki gleyma því að aðrar þjóðir sem glíma nú við lítinn og minnkandi hagvöxt hafa af því miklar áhyggjur. Ítalíar eru svo áhyggjufullir yfir litlum hagvexti að Berlusconi forsætisráðherra hefur kallað eftir þverpólitískum neyðaraðgerðum til að snúa blaðinu við. Bandarísk stjórnvöld reyna nú ákaft að bæta skilyrði á fjármála-mörkuðum, sama gera bresk stjórnvöld.

Við aðstæður sem þessar leita þjóðir jafnan í þau verðmæti sem þeim hafa verið gefin af móður náttúru. Þau lönd sem aðgang eiga að olíulindum finna svo sannarlega fyrir því um þessar mundir. Þær þjóðir sem eru háðar öðrum um orkukaup súpa einnig seyðið af því. Það er kaldhæðni orlaganna að hér á landi skuli á sama tíma nánast búið að blása af virkjunarkosti til raforkuframléiðslu, einnig umhverfisvæna kosti á borð við jarðvarmavirkjun við Ölkelduháls. Þegar við bætast neikvæðar fregnir af ástandi fiskistofna er heldur farið að þrengja um þá kosti sem í boði eru.

Samt er eins og þessar staðreyndir veki ekki áhyggjur margra. Nánast engin umræða varð í kjölfar þess að Skipulagsstofnun lagði gegn Bitruvirkjun við Ölkelduháls, enda þótt framkvæmdin geti skipt miklu um lífsskjör í þessu landi á næstu misserum. Það vekur auðvitað furðu, en ekki síður sú staðreynd að enn vilji margir stjórnmalámennt koma í veg fyrir uppbyggingu stóriðju í Helgufvík.

Þegar svo er má vitaskuld spyrja sig hvort þjóðin sé í reynd svo vel sett að hún þurfi ekki að huga að verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu. Það rímar satt að segja ekki við ástandið sem að framan var rakið. Framhaldsspurningin hlýtur þá að vera hvenær standi til að þjóðin vakni eiginlega af sínum Þyrnirósarsvefni.

annas@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | bjornthor@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

**Er heitt og þungt loft á þínum vinnustað?**

**Komfort loftkæling**

- \* Rétt hitastig og hreint loft
- \* Eyðir svifögnum, lykt ofl.
- \* Bætur heilsuna og eykur vellíðan og afköst starfsmanna

Gott úrval til á lager af öllum helstu gerðum.  
Komum á staðinn og veitum ókeypis ráðgjöf. s. 440-1800

[www.kaelitækni.is](http://www.kaelitækni.is) Okkar þekking nýtist þér ...

# Geta auglýsingar búið til vörur?

ORD Í BELG

Guðmundur Arnar Guðmundsson  
markaðsstjóri í  
Bretlandi.



Í stóru íslensku fyrirtæki voru starfsmenn farnir að kvarta yfir því hvað tölvurnar voru hægar. Í hæðni gripu nokkrir tæknimenn til þess ráðs eitt kvöldið að skipta út límmiðum framan á tölvunum svo á stóð Pentium II, eins og uppfærsla hefði átt sér stað. Næstu daga var tæknimönnum hrósað í hástert fyrir hversu vel hefði tekist að uppfæra tölvurnar því þær voru orðnar mun hraðvirkari!

Svo virðist sem löngunin í hraðvirkari tölvur og væntingarnar sem nýi miðinn gaf notendunum hafi gert það að verkum að mörgum starfsmönnum fannst tölvurnar mun sprækari en áður!

### LYFLEYSUÁHRIFIN

Þetta er þekkt fyrirbæri innan læknávisindanna og er kallað lyfleysuáhrif (e. placebo effect). Því er oftast lýst með sjúklingnum sem er gefin verkjapilla sem slær á alla verki. Það væri ekki merkilegt nema af því að í pillunni eru engin virk efni, hún er svokölluð sykurlilla. Þegar verið er að prófa virkni lyfja í dag eru oftast gerðar kannanir við sömu aðstæður með sykurlillum sem ná oft geytilegum árangri. Í tilfelli þunglyndislyfja hefur verið talað um að 80% af virkni „alvöru“ lyfjanna sé hægt að ná fram með sykurlillum.

Fyrir markaðsstjóra getur þetta skipt sköpum. Það er þekkt að auglýsingar geta haft áhrif á skoðanir og væntingar neytenda til vara, sem aftur hefur áhrif á kauphegðun. Þessar rannsóknir ganga skrefinu lengra og spyrja hvort mynd eða auglýsingar geti hreinlega haft áhrif á virkni vara? Þrátt fyrir að lyfleysuáhrifin séu vel þekkt innan læknávisindanna hafa markaðsmenn ekki þælt lengi í fyrirbærinu. Margar mjög áhugaverðar rannsóknir hafa þó áður verið gerðar sem varpa ljósi á það frá sjónarhorni markaðsmanna.

Það er heppilegt að nota orkudrykkið við að kanna lyfleysuáhrif því orkudrykkir hafa að geyma virk efni sem hægt er að mæla svörun líkamans við, t.d. blóðþrýstingur eykst og við verðum örari. Í einni rannsókn var fólk skipt í tvo hópa. Annar hópurinn fékk orkudrykk en hinn fékk gervi-orkudrykk, þ.e.a.s. hópnur var sagt að um venjulegan orkudrykk væri að ræða en í raun var drykkurinn aðeins bragðbætt vatn. Til að gera langa sögu stutta fundu báðir hópar fyrir nákvæmlega sömu örvandi áhrifum eftir drykkjuna sem voru einnig mælanleg með örari líkamstarfsemi. Í annari rannsókn var fólk látið drekka nýjan óþekktan orkudrykk fyrir líkamarskrættaræfingu og svo spurtt hversu vel orkudrykkurinn virkaði. Aftur var fólk skipt í tvo hópa. Öðrum

hópnur var sagt að drykkurinn kostaði \$2,89 en hinum að hann kostaði \$0,89. Þeir sem héldu að orkudrykkurinn kostaði meira náðu mun meiri árangri á æfingunni en þeir sem héldu að hann kostaði aðeins \$0,89, þrátt fyrir að báðir hópar væri að drekka nákvæmlega sama drykkinn! Í sama dúr hafa rannsóknir sýnt að verkjalyf sem keypt eru á fullu verði séu mun líklegri og þá sneggri að bæla niður verki en verkjalyf sem eru keypt með afslætti!

### EKKI SAMA BJÓR OG BJÓR

Önnur áhugaverð rannsókn sem hefur verið gerð var á vegum bjórframleiðanda sem vildi athuga hversu vel bragðið á brugginu stæðist samanburð við samkeppnina.

Nokkur hundruð manns fengu senda heim til sín sex bjóra sem allir voru í eins flöskum. Tveir af þeim voru frá framleiðandanum en hinir fjórir mismunandi mjög þekktum keppinautum. Þátttakendur voru látnir prófa bjórana en svara svo spurningum um þá. Ein af spurningunum var hver væri uppáhaldsbjór neytanda en þær sem á eftir komu um bragðeinkenni (styrkleika, eftirbragð o.s.frv.). Þegar gögnin voru skoðuð að rannsókn lokinni var engin tölfræðilegur munur á því hvernig bjórarnir komu út. Allir 6 bjórarnir voru að koma álíka út úr bragðspurningunum og fólk greindi illa á milli þeirra og þekkti enn fremur ekki sinn uppáhaldsbjór frá hinum í kippunni.

Í öðrum fasa rannsóknarinnar voru sömu bjórar sendir aftur til þeirra en núna var ekki búið að afmá neinar merkingar. Öll vörumerki voru nú sýnileg. Þegar þátttakendur vissu hvaða tegund af bjór þeir voru að drekka breyttust svörin í bragðkönnuninni gríðarlega. Sá bjór sem var uppáhaldsbjór þátttakanda fór



**BJÓR** Könnun sem greinarhöfundur vitnar til sýndi fram á að fólk á erfitt með að gera upp á milli ómerktra bjórtegunda, en merkir strax meiri bragðmun þegar veigarnar eru rétt vörumerktar. MARKAÐURINN/E.ÖL

að koma mun betur út en hinir bjórarnir og mikill bragðmunur fór jafnframt að myndast á milli annara tegunda. Rannsóknin sýndi greinilega hvað mynd skiptir gríðarlega miklu máli og í raun meira máli í þessu tilfelli en varan sjálf eða bragðið af bjórnum!

### VÖRUMERKIÐ SKIPTIR MÁLI

Lyfleysuáhrifin verða til við væntingar og þrá. Þegar fólk langar í vöru eða einhverja upplifun og uppfyllir hana með því að velja vörumerki sem það hefur ákveðnar væntingar til, verða til lyfleysuáhrif. Jón drekkur nýjan drykk sem er kynntur sem nýr orkudrykkur með fullt af virkum efnum. Jón trúir skilaboðunum og þegar hann drekkur hann bregst líkaminn við líkt og væntingar hans gerðu ráð fyrir.

Þetta ýtir mikið undir mikilvægi þess að vörumerki séu með góða staðfærslu og séu samkvæmt sjálfum sér. Með öðrum orðum að vörumerkið sé ein persóna (e. brand character) og með mótsagnalausla mynd sem endurspeglar frá öllum snertiflötum þess.

Sagan sem endurspeglar mynd og persónu vörumerkisins skiptir alveg jafn miklu máli og varan sjálf. Ný svört jakkaföt með svölitið öðruvísi sniði frá Armani myndu láta Jón bera höfuðið hátt. Sömu fötum gæti Jóni þótt svölitið kjánalegt að vera í væru þau frá Hagkaupum. Myndi iPod hljóma jafnvel og hann gerir ef allir væru með Rio-spilara? Það muna allir eftir Air Jordan-skónum sem Nike mokaði út fyrir nokkrum árum. Eflaust finnr skór en það sem gerði þá stórbrotna var að Michael Jordan var maðurinn á bak við þá, hann sagði söguna.

Litir, áferð, skilaboð, dreifi-leiðir o.s.frv. hafa því bein áhrif á virkni vara. Þetta vekur upp mjög margar spurningar hjá markaðsmönnum. Ef t.d. tveir aðilar kaupa sömu bíltegundina, annar hefur orðið var við markaðssamskipti vörumerkisins sem hamrar á öryggi bílsins en hinn ekki orðið var við neitt. Myndu þeir keyra bílana eins?

Í lokin, til að setja í samhengi og undirstrika mikilvægi skulum við mynda okkur kaffihús. Kaffihúsið gefur sig út fyrir að bjóða upp á heimsins besta kaffi úr baunum frá fjarlægum og framandi löndum. Baunirnar eru týndar við bestu skilyrði og aðeins þær bestu af þeim bestu ná alla leið í að verða að kaffinu sem það selur. Ef kaffið sjálft er svo bara miðlungsgott gæti sagan samt gert það heims-klassa í bragðlaukum viðskiptavina þess. Sagan skapar því samkeppnisforskot sem miklu betra kaffi gæti ekki haggðað!

ORDSKÝRINGIN

## Gjaldþrot

Gjaldþrot felst í því að ef innheimtuaðgerðir hjá lánveitanda bera ekki árangur getur hann sent kröfu til sýslumanns og beðið um fjárnám. Ef skuld er ekki greidd fimmtán dögum seinna má fjárnám fara fram. Síðan mæta skuldari og kröfuhafi til sýslumanns til að benda á eign sem skuldari á fyrir skuldinni. Ef hún er ekki til staðar getur kröfuhafi óskað

eftir úrskurði um gjaldþrot skuldara. Þar með fer skuldari á vanskilaskrá.

Síðan geta bæði skuldari og kröfuhafi farið fram á gjaldþrotaskipti sem héraðsdómari úrskurðar um. Hann skipar síðan skiptastjóra sem sér um málefni búins. Ef engar eignir finnast getur kröfuhafi beðið um gjaldþrotaskipti aftur ef fyrningarfrestur skuldans er ekki útrunnin.

Um fyrningarfrest gildir meðal annars að krafa samkvæmt dómi fyrnist á tíu árum. Áhrif gjaldþrotaskipta geta verið nokkur, svo sem þau að skuldari fari á svonefnda vanskilaskrá en við það minnkar láns hæfi hans stórlega og hann getur lent í talsverðum erfiðleikum með að fá lán. Að öllu jöfnu er skuldariinn skráður í vanskilaskrá í fjögur ár frá lokum gjaldþrotaskipta.

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Annas Sigmundsson, Björn Þór Amarnson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Adalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabóknum án endurgjalds.

## SAGAN Á BAK VIÐ ... MAGNÚS JÓNSSON, FORSTJÓRA ATORKU

## Forðast kastljós fjölmiðlanna

„Hann var svo áhugasamur að komast áfram í heimi verðbréfavíðskipta að hann hafði engan tíma til að útskrifast,“ varð einum viðmælenda Markaðarins að orði um Magnús Jónsson, forstjóra Atorku Group.

Menn eru sammála um að Magnús sé lítið gefinn fyrir kastljós fjölmiðlanna, jafnvel hliðri sér hjá þeim eftir mætti. Magnús er sagður fljótur að átta sig á tölunum á bak við ársreikningana og fljótur að sjá tækifæri á mörkuðum þegar þau gefast.

Atorka Group er fjárfestingarfélag sem skráð er í Kauphöll Íslands en hluthafar eru um 5.000 talsins. Undir fyrirtækjahattinum er 79 prósent hlutur í samstæðunni Promens, sem er með starfsemi víða um heim; 44 prósent hlutur í Geysi Green Energy og fjórutíu prósent hlutur í breska flutningafyrirtækinu Interbulk. Þá eru ótaldir þriðjungs-, fjórðungs- og fimmtungs-

hlutir í erlendum iðnfyrirtækjum víða – raunar allt til Kína.

Magnús er fæddur á Norðfirði árið 1977 og fagnaði þrítugsafmælinu í apríl á síðasta ári – rétt áður en hlutabréfamarkaðir fóru á hliðina.

Magnús mun hafa verið ungur að árum þegar hann fékk áhuga á fjárfestingum af ýmsum toga. Sögur herma jafnvel að á sama tíma og jafnaldrar hans hafi varið fermingarpeningunum til kaupa á hljómlutningstækjum og öðrum neysluvarningi hafi hann sett þá í hlutabréfakaup og aðrar fjárfestingar.

Eins og áður sagði hefur Magnús aflað sér gríðarlegrar þekkingar á hlutabréfamörkuðum og fjárfestingarverkefnum hvers konar þrátt fyrir ungan aldur.

Hann var sjóðsstjóri hjá Kaupþingi á árabílinu 1998 til 2001 og framkvæmdastjóri fjárfestingarsjóðsins Uppsprettu ári síðar.



Sama ár tók hann við stjórnar- taumum í fjárfestingarfélaginu Ránarborg og tengdum verkefnum. Tengt því hefur hann setið í stjórnum fjölda fyrirtækja, allt frá MP Verðbréfum til Jarðborana, sem nú heyrir undir Geysi Green Energy, og Sæplasts á Dalvík. Síðasttalda fyrirtækið er nú hluti af Promens.

Magnús og sambýliskona hans eiga tvær dætur. Hann settist í forstjórastól Atorku í nóvember árið 2005.

## SPÁKAUPMAÐURINN

## Einn

Um daginn hríslaðist einmanaleikinn um mig. Ég stóð við samantrotin fötin í baðstofunni, nýkominn í sundskýluna og strigaskóna þegar tilfinningin helltist óforvarendis yfir mig. Eins og þruma úr heiðskíru lofti. Mér brá. Ég þekkti ekki sálu í baðstofunni, gömlu vinirnir horfnir á braut og fáir ef nokkrir til að spjalla við nema einstaka humm og hæ til manna sem ég hef aldrei séð og þekki lítið – nema úr blöðunum. Sem er hrikalegt.

Svona hefur þessi hörmung á hlutabréfamarkaðnum farið með vinina. Árskortin þeirra í gimminu runnin út og lítil ef nokkur von að þeir endurnýji þau á næstunni. Í besta falli fara þeir í almenninginn og þá getum við spjallað á brettinu. Ef það verður svo fínt.

Gott ef einn okkar seldi ekki Reinsinn í þarsíðustu viku og lúsast nú um götur borgarinnar á Huyndai Coupe. „Jeminn eini!“ hrópaði ég niður til eins úr nýbónaða Hummernum mínum þegar ég viðraði hann

um helgina. Bílinn. Ekki vinninn. Sá sem sagði mér slúðrið hafði nýverið látið konuna fá Bimmann og fjárfest í Volkswagen Golf í staðinn... árgærd 2002! Eins og ég trúir því. Vottaði honum samúð mína og stefni að því að senda honum smáræði með næstu jólakortum. Eitthvað úr Ostabúðinni, sem ég reikna ekki með að hann hafi fengið í háa herrans tíð. Jafnvel ekki síðan í vor. Já, svona er maður góður inn við beinið.

Samúðarkveðjur,

Spákaupmaðurinn á horninu

## ERTU AÐ STOFNA FYRIRTÆKI ?

Frír aðgangur fyrir nýstofnuð fyrirtæki að bókhaldskerfi, reikningagerð, launakerfi og vefverslun meðan þitt fyrirtæki er að stækka.\*

Farðu inn á [www.notando.is](http://www.notando.is) og skráðu þig NÚNA !

Bókhaldið er fært í gegnum vefinn og því getur þú sinnt bókhaldinu hvar sem er og hvenær sem er með marga samhlíða notendur.

NOTANDO.is



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

## FRÁBÆRT FERMETRAVERÐ



Atvinnubíll 80% lán\*  
Lækjarmelur, 116 Reykjavík

Afhent tilbúið til notkunar.

Stærð frá 125,4 fm.

Verð frá 18.900.000 kr.

\* Allt að 80% fjármögnun m.v. 65-70% bankalán m.v. 10-15% lán frá seljanda

Afhending í september 2008

Upplýsingar veita:

Þórarinn: 770 0309

Sigurður: 896 2312

Hús og efni frá: ASTRON.  
Uppsetning: HASI.  
Eftirlit: TVT - Tæknipjónusta.  
Umsjón: NJÁLA.  
Fyrir: SUÐURSTEINN ehf.



## FÓLK Á FERLI

Í kjölfar mikilla breytinga á kortamarkaðnum og stefnumótunar hefur Borgun hf. breytt skipulagi félagsins og nýr stjórnendahópur verði skipaður hjá félaginu.

**HAUKUR ÖDDSSON** forstjóri. Haukur tók við stöðu forstjóra Borgunar hinn 5. október 2007. Fyrir þann tíma starfaði hann hjá Glitni hf. frá 1984-2007, síðast gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra viðskiptasviðs. Haukur útskrifaðist með meistaraþráðu í tölvuverkfræði frá Technical University of Denmark árið 1987.



**BERGÞÓRA K. KETILSDÓTTIR**, forstöðumaður viðskiptavars. Bergþóra hefur starfað hjá félaginu frá því 1999 sem forstöðumaður Upplýsingatækni. Bergþóra útskrifaðist frá EDB-skólanum í Kaupmannahöfn árið 1977.



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**, forstöðumaður verslunarsviðs. Sigurður hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2000. Hann gegndi stöðu innheimtustjóra á árunum 2000-2005 er hann tók við starfi forstöðumanns verslunarsviðs. Sigurður útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1996 og öðlaðist réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi árið 1997.



**PÉTUR FRÍÐRIKSSON**, forstöðumaður útgáfusviðs, viðskiptaþróunar og markaðsdeildar. Pétur hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2004, þar af sem forstöðumaður frá árinu 2007. Pétur útskrifaðist sem rafeindatæknir í Bandaríkjunum árið 1982 og frá Háskóla Íslands sem rekstrarfræðingur árið 1997.



**MARGRÉT KJARTANSDÓTTIR**, forstöðumaður skrifstofu forstjóra. Margrét hefur starfað hjá félaginu frá 1998. Margrét útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands 1998 og öðlaðist réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi árið 2002.



**JÓN EGILSSON**, forstöðumaður upplýsingatækni. Jón hefur starfað hjá félaginu frá 1. apríl 2008. Á árunum 2000-2008 starfaði Jón hjá Glitni. Jón hefur BSc-gráðu í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík.



**DAVÍÐ Þ. JÓNSSON**, forstöðumaður fjármálasviðs. Davíð hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2005. Davíð útskrifaðist með BSc-gráðu frá viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík sama ár.



## Er of hátt hitastig?

Loftkæling fyrir:

- Netþjóna
- Skrifstofur
- Veitingastaði
- Verslanir



**Ís-húsið**  
S: 566 6000

Netverslun ishusid.is



**VEISLUGESTIR** Helstu nöfn sænsks viðskiptalífs, auk stjórnenda dótturfyrirtækja, mættu til veislunnar sem Moderna boðaði til í síðustu viku, auk íslensku fyrirtækjanna Sjóvá og Aska Capital sem nú eru hluti af sænsku samstæðunni. MYND/JAN DAHLQVIST

## Nafnabreyting og nýjar höfuðstöðvar

Sænska fjármálaþjónustufyrirtækið Invik hefur breytt nafni sínu í Moderna. Félagið á að skrá í sænsku kauphöllina á næsta ári, en í haust er ráðgert lítið hlutfjárútboð. Breytingin og nýjar höfuðstöðvar við Stureplan í Stokkhólmi voru kynntar í veglegri veislu fyrir helgina. Óli Kristján Ármannsson var viðstaddur í boði Milestone.

**F**járfestingarbankarnir Carnegie í Svíþjóð og bandaríski bankinn Lehman Brothers undirbúa endurkomu sænska fjármálaþjónustufyrirtækisins Moderna í OMX-kauphöllina í Stokkhólmi. Moderna hét fyrir fjórða þessa mánaðar Invik og er að fullu í eigu íslenska félagsins Milestone.

Samkvæmt heimildum Markaðarins stendur jafnframt til að halda lokað hlutfjárútboð í haust og kanna með því stemninguna á



**ANDERS FÄLLMAN** Forstjóri Moderna fór yfir sögu félagsins á fögnuði sem blásið var til um miðja síðustu viku til að fagna meðal annars nýjum höfuðstöðvum og kveðja nafnið Invik. Félagið verður skráð í sænsku kauphöllina á næsta ári. MYND/JAN DAHLQVIST



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON**



**KARL WERNERSSON**



**STEINGRÍMUR WERNERSSON**




**ÞÓR SIGFÚSSON**

markaði. Milestone á félagið að fullu en stefnir að dreifðari eignaraðild þess á markaði, og þá fremur með því að auka hlutfé heldur en að félagið selji frá sér eigin bréf. Hjá Milestone er horft til þess að eignarhluturinn í Moderna nemi um fjórutíu prósentum þegar fram í sækir.

Anders Fällman, forstjóri Moderna, bauð gesti velkomna í veglegri veislu sem félagið blés til í nýjum höfuðstöðvum sínum við Storeplan í Stokkhólmi til þess að kynna nýja nafnið og höfuðstöðvarnar, en þangað flutti félagið fyrr á árinu. Byggingin er gömul og vegleg og gengið inn í stórt fordyri og upp breiðar steintröppur áður en komið er að lyftum sem bera fólk upp að skrifstofunum á fimmtu hæð. „Upplifunin er þess vegna eins og að við séum með alla bygginguna og er þá tilgangnum náð. Við erum hins vegar ekki með allt húsið, þótt við gjarnan vildum,“ sagði Fällman og hló við. Þarna í nýja miðbæ Stokkhólms er fjöldi fjármálaþjónustufyrirtækja, bæði dótturfélög Moderna og svo fjármálaþjónustufyrirtæki á borð við Carnegie, en þar á félagið raunar yfir sautján prósent hlut og Anders Fällman gegnir þar stjórnarformennsku.

Veislan, miðvikudagskvöldið 4. júní, var einmitt haldin í fordyrinu veglega og tveimur veislusölum inn af því þegar komið er upp á fyrstu hæðina. Sænsk hljóm-sveit lék fyrir dansi og í hliðarherbergjum var reynt að búa til stemningu í takt við suma undirstarfsemi Moderna. Þannig var á einum stað búið að stilla upp stóru mótörhjól og boðið upp á amerískan grillpinnamat, en Moderna hefur meðal annars sérhæft sig í tryggingum fyrir mótörhjólafólk og náð forystu á því sviði. Þá bar mikið á skiltum þar sem nýjasta viðbótin í fyrir-



**Í RÚMGÖÐU FORDYRINU** Búið var að skreyta í fordyri Moderna (áður Invik) fyrir veisluna á miðvikudaginn var. Í forgrunni má sjá nýtt merki fyrirtækisins. MYND/JAN DAHLQVIST

tækjaflóru Moderna var kynnt, en það eru Sjóvá og Askar Capital. Víða mátti líka sjá stafræna ljósmyndaramma þar sem gengu kynningar á stjórnendum fyrirtækjanna. Sænska viðburðarstjórnunarþjónustufyrirtækið Imagine annaðist skipulagningu veislunnar, en hönnun nýs útlits og merkis fyrir Moderna, svokallað *re-branding*, annaðist íslenska auglýsingastofan Gott fólk.

Til veislunnar mætti fyrirfólk úr sænsku athafnalífi auk starfsmanna bæði í Svíþjóð og héðan af Íslandi. „Við höfum því á síðustu mánuðum nánast tvöfaldað stærð okkar,“ segir forstjóri Moderna. „Starfsmenn eru um

700 talsins og heildareignir nema um 33 milljörðum sænskra króna [nærri 430 milljörðum íslenskra króna].“

Milestone lauk í fyrrahaust yfirtökunni á Invik og segir Fällman að strax hafi verið samhljómur með stjórnendum og nýjum eigendum félagsins. Starfsfólk í Svíþjóð virðist ekki síður ánægt með nýja eigendur og stefnu. Starfsmaður tryggingafélagsins Moderna Life sem tekinn var tali rifjar upp að í fyrstu hafi fyrirtækið verið afar framsækið, en svo glatað þeim anda. Núna segir hann glaðbeittur að aftur sé orðið gaman í vinnunni, áræðnin og framsækinn séu ráðandi á ný.

Veldu Ford Transit

Kynntu þér sértæka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg



Nýtt tákni um gæði



**Ford Transit 300M Sendibíll.**

2,2TDCi 85 hð 250 Nm, 6 dyra.  
5 gíra beinskíptur, CO2 losun 208 g/km.  
Eyðsla í blönduðum akstri 7,9 l/100 km.  
Staðgreiðsluverð 3.695.000 kr.\*

● **Tilboð. Rekstrarleiga 65.600 kr.**  
á mánuði í 24 mánuði.  
3 bílar á þessu tilboði.

**Ford Transit 300M DC Pallbíll.**

2,2TDCi 85 hð 250 Nm, 4 dyra, 6 manna.  
5 gíra beinskíptur, CO2 losun 208 g/km.  
Eyðsla í blönduðum akstri 7,9 l/100 km.  
Staðgreiðsluverð 3.840.000 kr.\*

● **Tilboð. Rekstrarleiga 81.900 kr.**  
á mánuði í 24 mán.  
2 bílar á þessu tilboði.



**Ford Transit 280S Sendibíll.**

2,2TDCi 85 hð 250 Nm, 6 dyra.  
5 gíra beinskíptur, CO2 losun 208 g/km.  
Eyðsla í blönduðum akstri 7,9 l/100 km.  
Staðgreiðsluverð 3.375.000 kr.\*

● **Tilboð. Rekstrarleiga 56.900 kr.**  
á mánuði í 24 mánuði.  
4 bílar á þessu tilboði.



**Ford Transit Connect 220S Sendibíll.**

1,8TDCi 75 hð 175 Nm, 6 dyra.  
5 gíra beinskíptur, CO2 losun 171 g/km.  
Eyðsla í blönduðum akstri 6,3 l/100 km.  
Staðgreiðsluverð 2.349.000 kr.\*

● **Tilboð. Rekstrarleiga 46.200 kr.**  
á mánuði í 24 mánuði.  
3 bílar á þessu tilboði.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

Hringdu núna í síma 515-7000. \*Ath. Öll verð eru með virðisaukaskatti.

**Sparaðu með Brimborg**

Ný rekstrarleiga með bílafrelsi og dísilverðvernd

**Í dag. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði!**

**Nýjung**

Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

**Bílafrelsi Brimborgar 12-24**

**Dísilverðvernd Brimborgar**

**115kr.**

Nýjung. Dísilverðvernd Brimborgar: tryggir þér 1.500 lítra af dísilolíu á 115 krónum.



**Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.**

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega dísilverðvernd Brimborgar. Aðeins 115 krónum dísilítrinn. Brimborg tryggir þér dísilítrann á 115 krónum næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og dísilverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

**visthæf skref**  
með Brimborg

Farðu á brimborg.is  
og þú ert kominn af stað

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

\*Brimborg og Ford skilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Öll verð eru með virðisaukaskatti. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöðum þeirra. Smur- og þjónustuefritrit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborg er imitalið í leigugreiðslu og allt að 25.000 km akstur á ári. Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra alborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að lata Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. \*\*Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Aukabúnaður á myndum af Transit er samlitur á stúbara og grilli og þökuljós í framstúbara. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## DAÐUR Í LÍFI ...

Rósu Signýjar Gísladóttur, markaðs- og kynningarstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

**7.30** Fer á fætur eftir að hafa lesið helstu fréttir á Mbl.is og Vísi í iPhone-símanum uppi í rúmi. Hálfvorkenni stjúpörnunum mínum að þurfa að vakna fyrir allar aldir í langþráðu skólafríi (leikjanámskeið og fótoltaskóli á dagskránni).

**8.30** Legg af stað úr Hafnarfirðinum og kem við í 10-11 til að kaupa nesti fyrir daginn. Coca-Cola Light (nú er kókskortur á Nýsköpunarmiðstöð).

**9.00** Byrja vinnudaginn á að vinna að auglýsingu fyrir nýja frumkvöðlasetrið okkar á háskólasvæði Keilis.

**10.00** Boða fund í sérhópi um sveigjanlegt vinnuumhverfi á Nýsköpunarmiðstöð. Les mér örlítið til um leiðir til að gera vinnustaðinn ennþá sveigjanlegri og fjölskylduvænni.

**10.30** Endalaus tölvupóstur ... Skrifa tengiliðnum í World Economic Forum í Sviss og þakka fyrir ánægjulegan fyrirlestur hagfræðings WEF í HÍ síðastliðinn föstudag og gott samstarf í vetur. Nýsköpunarmiðstöð sér um framkvæmd könnunar WEF á samkeppnishæfni hér á landi.

**11.00** Fer yfir verkefnalistann fyrir sumarið og haustið.

**12.00** Hádegismatur í kaffistofunni.

**12.30** Kanna stöðuna á undirbúningi fyrir spennandi „brain storm“-fund í Fjarðabyggð á þriðjudag og heyrir í Helgu Jónsdóttur bæjarstjóra. (Helga heyrði af velheppnuðum ársfundi Nýsköpunarmiðstöðvar nýlega og fékk okkur til liðs við sig til að skapa svipaða stemningu á fundinum í Reyðarfirði.)

**14.00** Funda með Brynju Sigurðardóttur verkefnisstjóra um markaðsmál. Legg drög að kynningarátaki um spennandi námskeið í boði næsta haust.

**15.00** Fundur með Karli Friðrikssyni, framkvæmdastjóra mannauðs- og þjónustusviðs, um verkefni fram undan.

**16.00** Tala við framkvæmdastjóra skóla skapandi greina hjá Keili um nýtt frumkvöðlanám sem byrjar næsta haust í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð. Set tilkynningu um kynningarfund vegna námsins á heimasíðuna.

**17.00** Geng frá lausum endum fyrir næsta dag.

**18.00** Þegar ég kem heim er sú litla hálflítill í sér. Henni varð það á að skrifa inn um einn herbergisgluggann eftir leikjanámskeiðið og setja viðvörðunarkerfið í gang, samvissusömum öryggisvörðum til lítillar ánægju. Maka á mig sólarvörn og fer út að skokka í góða veðrinu í kringum Ástjörn.

**19.30** Ákveðum að fara út að borða og stefnan sett á Domo.

**21.00** Undirbý mig fyrir morgundaginn í Fjarðabyggð.

**22.30** Klára fyrsta kaflann í bók sálfræðingsins Steven Pinker, The Stuff of Thought. Velti fyrir mér hvernig best sé að þýða nafnið á málaflokknum „cognitive science“ ... vitsmunavísindi?

**00.00** Fer snemma að sofa, mæting í flug til Egilsstaða 7.30.



RÓSA SIGNÝJAR GÍSLADÓTTIR Markaðs- og kynningarstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands situr marga fundi á hverjum degi. MARKAÐURINN/RÓSA



Í VIÐSKIPTABÓKABÚÐINI Dögg Hjaltalín segir lesendahóp viðskiptabóka sífellt að verða breiðari enda aðgengið betra og verðið lægra en áður. MARKAÐURINN/VILHELM

# Leika leikinn á enda

Almennur áhugi á bókum um viðskipti fer vaxandi. Nýverið kom út bók um fjárfestingaraðferðir Warrens Buffett, Eymundsson stofnaði viðskiptabókaklúbb og viðskiptabókabúð var opnuð á dögunum.

Vala Georgsdóttir  
skrifar

Bók Roberts G. Hagstrom, Warren Buffett-aðferðin, hefur verið mánuðum saman á metsölulista bandaríska dagblaðsins New York Times. Það segir margt um aukinn áhuga á viðskiptabókum. Bókin er vel læsileg og ætti hún að höfða til allra þeirra sem vilja reyna að tileinka sér hugarfar eins auðugasta fjárfestis heims.

„Í hröðum heimi viðskipta eru gerðar auknar kröfur til fólks að fylgjast vel með og jafnframt til þess að það haldi þekkingu sinni við,“ nefnir Haraldur Diego, sem þýddi nýverið bókina ásamt Mikael Torfasyni. Undir þetta algilda sjónarmið taka þau Kristján Freyr Halldórsson hjá bóka- og ritfangaverslun Eymundsson og Dögg Hjaltalín hjá viðskiptabókabúðinni Skuld.

Dögg Hjaltalín bendir á að þeir sem komist upp á lag með að lesa viðskiptabækur reglulega átti sig fljótlega á því að þetta sé ódýr og þægileg leið til símenntunar. „Lesendahópur viðskiptabóka er sífellt að verða breiðari, enda er úrvalið gríðarlegt og aðgengið að bókum á góðu verði betra en áður,“ segir hún.

Viðskiptabókaklúbbur Eymundsson hefur verið starfræktur síðan í vor í samstarfi við Félag viðskipta- og hagfræðinga. „Við viljum vera með puttan á púlsinum hvað val á bókum varðar,“ segir Kristján Freyr og vísar til þess að á vegum klúbbsins sé starfrækt fimm manna valnefnd, skipuð af kunnu fólki úr viðskiptalífnum, sem sér um að gefa mat sitt á álitlegum bókum fyrir klúbbinn. „Stefnan er að kynna starfsemina fyrir breiðari hópi fólks enda höfum við tilfinnanlega orðið vör við sívaxandi vakningu almennings á bókum um viðskiptatengt efni.“



HARALDUR DIEGO „Viðskiptabækur geta kennt fólki heilmikið um þær leikreglur sem eru í gangi í heimi viðskipta,“ segir þýðandi bókar um fjárfestingaraðferðir eins ríkasta manns heims. MARKAÐURINN/VILHELM

„Á undanföllum árum hefur sú breyting orðið að bókamarkaðnum að bækur í kiljum eru að verða æ algengari,“ segir Kristján Freyr og bendir á að fyrir daga kiljunnar hafi fólk hugsað sig vandlega um áður en bók var keypt. „Kiljubyltingin, ef svo má að orði komast, hefur gert það að verkum að í dag kaupir fólk bók í kilju um viðskiptatengt efni líkt og um áhugavert tímarit væri að ræða.“

„Viðskiptabækur geta kennt fólki heilmikið um þær leikreglur sem eru í gangi í heimi viðskipta,“ segir Haraldur Diego og vísar til þess að líkt og með aðra leiki sé líklega betra að sleppa því að vera með ef maður kann lítið fyrir sér í leikreglum.

Í viðskiptum þurfa þeir sem vilja ná hámarksárangri að vera í stöðugri endurmenntun vilji þeir ekki eiga það á hættu að heltast úr lestinni. Hluti af því að halda sér í góðu formi er að lesa sér til um hvað helst er á döfinni hverju sinni.

## FRÍSTUNDIN

# Hefur dansað meirihluta ævinnar

„Ég hef dansað mestan hluta ævinnar – í tuttugu ár. En ég hef dregið mikið úr dansinum eftir að ég byrjaði að vinna,“ segir Hrefna Ingadóttir, verkfræðingur og sjóðsstjóri hjá eignastýringu Landsbankans.

Hrefna lærði klassískan ballett við Listdansskóla Íslands frá fjögurra ára aldri – að eigin ósk – og tók alla jafna þátt í tveimur sýningum á ári. Hún hætti sautján ára en tók þá til við kennslu og þjálfun ungra og áhugasamra tilvönandi ballettdansara á barns- og táningsaldri. Dansinn rann enn um æðar hennar á háskóla-



ANDLITSLAUS SKUGGADANS Þegar bróður Ingu vantaði dansara fyrir myndatöku fannst honum upplagt að fá systur sína til að sýna sér hæfileikana. MARKAÐURINN/HÖRÐUR INGASON

árunum en hún tók þátt í sýningu Stúdentadansflokksins þegar hún var við nám í iðnaðarverk-

fræði við Háskóla Íslands fyrir tveimur árum. Nokkrar vinkonur Hrefnu stunda dansinn sömuleiðis. „Ég hætti svo að dansa þegar ég fór að vinna,“ segir hún en Hrefna er 24 ára í dag.

„Mér finnst dansinn mjög skemmtilegur. En hann er áhugamál og orðinn lúxus sem maður leyfir sér stundum,“ svarar Hrefna spurð hvort til greina komi að snúa baki við Landsbankanum, fara í klassísku skóna á nýjan leik og reyna fyrir sér sem atvinnumaður. Hún neitar því, bætir reyndar við að hún hafi uppfært dans-

inn úr klassískum í nútímadans á seinni árum, sem hún æfi nú-orðið hér og þar eftir vinnu, svo sem í Kramhúsinu. „Þetta er góð allhliða hreyfing með öðruvísi takti,“ svarar hún.

„Annars æfi ég fimm til sex sinnum í viku,“ segir Hrefna og viðurkennir að hún hafi ekki talið með annað frístundasport, svo sem götuhlaup, sem hún hefur stundað síðastliðin fimm ár. Meðal annars hefur hún tekið þátt í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. „Ég hef gaman af því að hlaupa,“ segir hún og bætir því við að það komi fyrir að hún



HREFNA INGADÓTTIR Sjóðsstjóri Landsbankans hefur gaman af dansi og hlaupum. MARKAÐURINN/VALLI

hlaupi með samstarfsfólki sínu hjá Landsbankanum í hádeginu. Það hafi nú reyndar ekki komið oft fyrir upp á síðkastið, að sögn Hrefnu. -jab

**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**strellson**

**eterna**

**gardeur®**

**HUGO**  
HUGO BOSS

**CANALI**

POLO  RALPH LAUREN

**FINUCCI**  
collezione

**bugatti**

**MABRUN**

**LLOYD**

**SARAR**

**BELLINI**  
collezione



**Herra**  
*lagerinn*  
**outlet**

**30-70%**  
afsláttur af  
merkjavöru!

**Öll**

**jakk-**

**föt**

**17.980**

OPIÐ VIRKA DAGA  
FRÁ KL. 12 TIL 18  
LAUGARDAGA  
FRÁ KL. 11 TIL 17

**VERÐ ÁÐUR**

~~44.980~~

~~49.980~~

~~54.980~~

~~59.980~~

~~64.980~~

~~69.980~~

~~74.980~~

~~79.980~~

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

## BANKHÓLFID



### Netbólúisinn brotinn

Úrvalsvísitalan sleikti 4.500 stiga markið í gær. Eins og margt hefur verið tuggið á fór vísitalan hæst í 9.016 stig 18. júlí í fyrra áður en hún fór að síga en fall vísitalunnar nú nemur 49,6 prósentum á tæpum ellefu mánuðum. Fyrir þá sem áhuga hafa á vísitölum lækkaði hún um 47 prósent frá hæsta gildi í febrúar árið 2000 þegar netbólun sprakk. Ljóst er að niðursveiflan er dýpri og snarpari nú en þá. Botni netbólunnar var náð í september árið 2001 en þá endaði hún í 989 stigum. Miðað við þetta ætti núverandi niðursveifla að ljúka um næstu jól. Sú kenning verður þó ekki seld dýrari en hún var keypt. Það er hins vegar spurning hvar úrvalsvísitalan stendur þegar yfir lýkur.

### Helgi stýrir Iceland Travel

Iceland Travel, dótturfyrirtæki Icelandair Group, hefur ráðið Helga Eysteinnsson sem framkvæmdastjóra. Ráðning Helga er sögð liður í að efla ferðaþjónustustarfsemi innan félagsins með aukinni áherslu á fríferðir Íslendinga. Jóhann Kristjánsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Iceland Travel, hefur jafnframt látið af störfum.

Helgi er kunnugur innan ferða- og fluggeirans, en hann hefur bæði unnið hjá Ferðaskrifstofu Íslands og Flugleiðum.



### Hvatt til sparnaðar

Norskablaðið Dagens Næringsliv sagði frá því í gær að Kaupþing í Noregi hefði nú samband við viðskiptavinum bankans þar í landi sem ættu fimm þúsund norskar krónur eða minna inni á reikningum sínum og byði hærri vexti gegn auknum innlánum.

André M. Høibo, einn þeirra sem Kaupþing hafði samband við, segist aldrei hafa upplifað slíkt áður og spyr hvort bankinn sé í meiri vandræðum en áður hefur verið talið.

Haft er eftir markaðsstjóra Kaupþings í Noregi að þetta séu hefðbundnir viðskiptahættir hjá bönkum. Hvatt sé til sparsemi og að viðskiptavinirnir ávaxti sitt pund (eða krónur) sem best...

12,4%

verðbólga í júní. Greining Glitnis spáir að ársverðbólga hækki úr 12,3 í 12,4 prósent milli maí og júní.

139,12

dalir tunnan af olíu. Verð á olíu-tunnu fór í 139,12 á föstudaginn var og er það hæsta sögulega verð á tunnu.

8,80

gengi bréfa Existu í gær. Þegar best lét árið 2007 fóru bréf félagsins í 40,5 á hlut.

**HONDA**  
The Power of Dreams

# CR-V

## SPARNEYTNASTI BORGARJEPPINN\*

# 4,73 L/100km

Þú finnur það strax og þú mátar glæsilegan CR-V að hann státar af öllu því besta sem hugurinn ginnist, hvort sem þú ert að aka í rólegheitum í borginni eða á leið út á land með þá sem þér þykir vænst um; mýkri línur, glæsilegri ásýnd, meira innannými, minni loftmótstaða, liprari, hljóðlátari og aflmeiri. CR-V hefur ómótstæðilega akstursegjinleika og yfirburðataekni á öllum sviðum; ABS með EBD hemlajöfnunarbúnaði, stöðugleikabúnað með spól- og skrikvörn (VSA - ESP), stöðugleikabúnað fyrir tengivagna (TSA), loftpúða, loftpúðagardinur, loftpúðar í sætum 17" álfelgur, tvískipt loftkæling og meiri búnaður en þú getur mynda þér. Í sparaksturskeppni FÍB og Atlantsólu þar sem eknir voru 143,1km kom eldsneytis eyðsla CR-V skemmtilega á óvart. CR-V 2.2CTDi vann sinn flokk í akstri dísilbíla með 4,73L/km eldsneytiseyðslu og í flokki bensínbíla mældist CR-V 2.0i með 5,77L/km eldsneytiseyðslu.



#### CR-V Elegance 2.0i

150 hestöfl, sjálfskiptur, 17" álfelgur, þokuljós, skriðstillir, tvískipt tölvustýrt miðstöð.

verð kr. **3.725.000**

#### CR-V Panorama 2.0i

150 hestöfl, sjálfskiptur, 17" álfelgur, þokuljós, skriðstillir, tvískipt tölvustýrt miðstöð, glerþak, skyggðar rúður, Xenon ljós.

verð kr. **3.899.000**

#### CR-V Executive 2.0i

150 hestöfl, sjálfskiptur, 18" álfelgur, þokuljós, skriðstillir, tvískipt tölvustýrt miðstöð, glerþak, skyggðar rúður, Xenon ljós, fjarlægðarskynjarar, leðurinnrétting, Premium hljómfletningskerfi.

verð kr. **4.145.000**

#### CR-V Panorama 2.2i-CTDi

140 hestöfl, dísil, beinskíptur, 17" álfelgur, þokuljós, skriðstillir, tvískipt tölvustýrt miðstöð, glerþak, skyggðar rúður, Xenon ljós.

verð kr. **4.435.000**



www.honda.is



Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

UMBOÐSAÐILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Hvers vegna PwC?

\*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær [www.pwc.com/is](http://www.pwc.com/is)

PRICEWATERHOUSECOOPERS